# FRÉTTABLAÐIÐ

161. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 10. JÚLÍ 2018




Á meðan virði bréfa í Icelandair hrundi voru biðraðir við innritunarborð félagsins á Keflavíkurflugvelli. Undir lok dags hafði virði bréfanna hrunið um tæplega 25 prósent. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Fyrstu merki samdráttar í ferðaþjónustu

**Verðfall hlutabréfa í Icelandair Group eru fyrstu staðfestu merki um samdrátt í ferðaþjónustu að mati prófessors í hagfræði við HÍ. Framkvæmdastjóri SAF segir tíma samþjöppunar fram undan. 15 milljarðar af markaðsvirði Icelandair þurrkuðust út í gær.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** „Fréttir af afkomuviðvörun Icelandair og verðfalli hlutabréfa fyrirtækisins í kjölfarið eru fyrstu eiginlegu staðfestu fregnirnar af samdrætti í greininni. Hér áður fyrr voru þetta bara sögusagnir án þess að vera staðfestar fregnir,“ segir Daði Már Kristófersson, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands.

„Það er alveg ljóst að uppgangur í íslensku efnahagslífi hefur á síðustu árum verið að verulegu leyti drifinn áfram af vexti í ferðaþjónustu. Þegar svo um hægir í þeim geira mun það hafa áhrif á hagkerfið um leið,“ bætir Daði Már við.

Markaðsvirði Icelandair dróst saman um 15 milljarða á einum degi þegar virði hlutabréfa í fyrirtækinu féll um tæp 25 prósent. Virði félagsins hefur minnkað um nærri 150 milljarða frá því að bréf þess voru í hæstu hæðum í apríl 2016.

**150**

**milljarðar hafa þurrkast út af virði Icelandair Group frá því í apríl 2016.**

Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri SAF, segir tíma samþjöppunar fram undan í íslenskri ferðaþjónustu sem verði ekki sársaukalaus. „Þetta er frétt sem gefur ákveðnar vísbendingar um hvernig staðan er. Það má segja að það hafi ekki komið á óvart að fjöldatölur séu á niðurleið. Fjörutíu prósenta hækkun milli ára er ekki eitthvað sem endist til langrar framtíðar,“ segir Jóhannes Þór.

„Ferðaþjónustan verður að ná jafnvægi til framtíðar. Það er líklegt að framtíðin verði tími samþjöppunar í greininni sem mun fylgja sársauki. Hér eru um 4.000 fyrirtæki í ferðaþjónustu og ljóst að stór hluti eru lítil fyrirtæki. Minnstu fyrirtækin munu kannski eiga erfitt uppdráttar og líklegt að rekstraraðilar sjái hag í að þau verði tekin yfir af þeim stærri,“ bætir Jóhannes við.

Daði Már bendir á að mikilvægt sé að fylgjast náið með og bíða með stóra dóma. „Eins og staðan er núna er erfitt að slá einhverju föstu þegar upplýsingarnar eru eins takmarkaðar og raun ber vitni.“ – sa / sjá síðu 4

## Guðlaugur á NATO-fund

**NATO** Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra tekur þátt í leiðtogafundi NATO-ríkjanna sem hefst í Brussel í dag. Markmið fundarins er að stemma stigu við ágangi Rússlands í Austur-Evrópu og víðar.

Líklegt þykir að átök verði um hernaðarútgjöld aðildarríkjanna, en Bandaríkjaforseti hefur sagt að aðrar þjóðir verði að greiða meira til samstarfsins.

„Bandaríkin [hafa] á þessum tíma verið með harðari afstöðu gagnvart rússneskum stjórnvöldum. Hert hefur verið á refsiaðgerðum og sömuleiðis hafa verið gefin skýr skilaboð af þeirra hálfu um samstöðu NATO gagnvart framferði Rússa,“ segir Guðlaugur.



– þea / sjá síðu 6

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins vill efndir, ekki nefndir. 8

**SPORT** Andrea Kolbeinsdóttir stefnir á að bæta Íslandsmetið í hindrunarhlaupi. 12

**MENNING** Ásta Dóra er 11 ára píanósnillingur. 18

**LÍFIÐ** Haukur Harðar og Bjarni Guðjónsson lýsa úrslitaleiknum á HM. Gummi Ben. og Einar Örn lýsa undanúrslitaleikjunum. 22

PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK





*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015











## Veður




Suðvestan 13-23 á morgun, áfram hvassast norðvestan til með snörpum hviðum og einnig á miðhálendinu. Víða skúrir, en léttskýjað austanlands. SJÁ SÍÐU 16




**Hluti áhafnar Seabed Worker.**
MYND/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

# Fleiri dýrgripir sagðir í Minden

**FJÁRSJÓÐSLEIT** Verðmæti sem sögð eru mun meira virði en innihald skáps sem bjarga á úr flaki flutningaskipsins SS Minden eru nú sögð vera um borð. Aðeins yfirmenn í björgunarskipinu eru sagðir vita hvað það er sem á að ræða.

Rannsóknarskipið Seabed Worker hefur undanfarið lónað yfir flaki SS Minden suður af Íslandi. Leyfi Umhverfisstofnunar til að bjástra við Minden rennur út í dag.

Í umsókn Advanced Marine Services til Umhverfisstofnunar á sínum tíma sagði að ná ætti upp skáp eða kistu sem menn teldu geyma gull. Miðað við uppgefið rúmmál skápsins reiknaði Fréttablaðið út að verðmætið gæti verið yfir tólf milljarðar króna.

Fulltrúar Advanced Marine Services hafa ekki vilja ræða við fjölmiðla um Minden-leiðangurinn. Samkvæmt gögnum sem fram hafa komið voru engir eðalmálmar eða önnur slík verðmæti skráð í farmi SS Minden. Farmurinn var að stærstum hluta harðviðarkvoða.

Í Fréttablaðinu 29. apríl 2017 var rætt við sagnfræðinginn Þór Whitehead sem kvað ólíklegt að fjársjóðir væru í flakinu. „Skjöl útgerðarfélagsins um Minden liggja annars djúpt grafin í gögnum þess í ríkisskjalasafninu í Hamborg,“ benti sagnfræðingurinn á. Síðar sagði Fréttablaðið frá því að leiðangursmenn teldu gull um borð.

Nú herma heimildir Fréttablaðsins að meðal undirmanna á Seabed Worker gangi sú saga að eitthvað enn mikilvægara en skápur með gulli leynist í Minden. Hvað það er nákvæmlega sé aðeins á vitorði örfárra manna um borð. **– gar**

# Fimm bíða björgunar



**Átján manna teymi kafara bjargaði átta drengjum úr hellinum í norðurhluta Taílands í gær. Fimm þurftu að bíða þar í nótt – sautjándu nótt þeirra í hellinum. Drengjunum hefur verið skýlt fyrir áreiti fjölmiðla en hér sést bráðaliði hlúa að dreng sem bjargað var í gær.** Sjá síðu 4 NORDICPHOTOS/AFP

# Leit að hvítabirni á Melrakkasléttu

**DÝR** Um klukkan sjö í gærkvöld barst lögreglunni á Norðurlandi eystra tilkynning um að sést hefði til hvítabjarnar á vappi við Hraunhafnarvatn nyrst á Melrakkasléttu, um átta kílómetra norður af Raufarhöfn.

Þyrla Landhelgisgæslunnar var kölluð út til að kemba svæðið í leit að birninum. Dýrið hafði ekki fundist þegar Fréttablaðið fór í prentun. Lögreglan biðlar til fólks að halda sig fjarri birninum verði það vart við hann og tilkynna fundinn strax í síma 112.

„Það hefur enginn séð hafís hérna nýlega en það var heldur ekki þegar það birtist björn í Þistilfirði fyrir tveimur árum síðan,“ segir Jóhannes Árnason á Höskuldarnesi. „Ég byrjaði á því að opna byssuskápinn og sækja riffilinn svo maður þyrfti ekki að gera það ef kvikindið birtist hér á hlaðinu.“ **– jóe**

# Aurinn gæti truflað laxveiði næstu árin

**Aurskriðan úr Fagraskógarfjalli gæti haft miklar afleiðingar í för með sér á næstu árum. Hrygningarfiskur gæti hafa drepist auk þess sem hrygningarsvæði eyðileggist með aurnum. Drullan gæti litað náttúruperluna Hítará í nokkur ár.**

**NÁTTÚRUHAMFARIR** Svo gæti farið að afleiðingar aurskriðunnar úr Fagraskógarfjalli í Hítardal á Mýrum fyrir laxveiði í Hítará komi ekki í ljós fyrr en næsta vor eða á næstu árum. Hrygningarsvæði fóru undir aur en einnig gæti aurinn haft neikvæð áhrif á bæði hrygningarstaði og veiðistaði neðar í ánni. Framkvæmdastjóri Stangveiðifélags Reykjavíkur segist bíða næsta vors en vera bjartsýnn á framhaldið.

„Það sem getur gerst í Hítará eftir svona gríðarlegt aurflóð er að aurinn getur litað ána í nokkur ár eins og gerðist í Eyjafirði eftir aurflóð árið 2011. Einnig getur framburðurinn haft áhrif á bæði veiðistaði neðar í ánni og hrygningarstaði. Því þarf að huga að mörgu á svæðinu til að Hítará verði áfram sú stangveiðiperla sem hún svo sannarlega hefur verið um áraraðir,“ segir Erlendur Steinar Friðriksson, sérfræðingur í málefnum laxfiska í straumvötnum á Íslandi.

Í október árið 2011 féll aurskriða í Torfufellsdal í Eyjafirði sem stíflaði ána sem rennur út í Eyjafjarðará. Aurskriðan litaði ána í þrjú ár á eftir og gerði hana illveiðanlega auk þess að eyðileggja hrygningarstaði með framburði.

Vorleysingar höfðu þar einnig mikið að segja þegar aurinn frostsprakk og rann með ánni. Slíkt gæti gerst í Hítará.

Ari Hermóður Jafetsson, framkvæmdastjóri Stangveiðifélags Reykjavíkur sem er með ána á leigu, segir það einnig geta gerst í Hítará.

„Jú, það getur gerst og líklegt að eitthvað af þessu magni fari í ána en til happs virðist áin vera að finna sér nýjan farveg frá skriðunni og aurdrullunni. Það gæti því sloppið til en það kemur ekki í ljós fyrr en næsta vor,“ segir hann.

„Ég er hóflega bjartsýnn á að hún verði í lagi en ég veit ekkert hvað náttúran mun henda í okkur. Hrygningarsvæðin eru full af drullu og svæðin þar fyrir neðan eru þornuð upp.

Við vonumst eftir því að áin muni finna sér þennan nýja farveg og aurinn nái ekki að lita ána í nýja farveginum. Svo er líklegt að lónið ofan við aurinn verði að nýjum hrygningarstað fyrir laxinn,“ bætir Ari Hermóður við.

**sveinn@frettabladid.is**



**Laxastiginn á myndinni er vita gagnslaus sökum vatnsleysis. Allt að þrjátíu metra lag af drullu er í gamla árfarveginum.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> Hrygningarsvæðin eru full af drullu og svæðin þar fyrir neðan eru þornuð upp.



Ari Hermóður Jafetsson, framkvæmdastjóri Stangveiðifélags Reykjavíkur





30 ÁRA 2018 Flísabúðin

30% afmælisafsláttur á Heliosa hiturum

HELIOSA hitarar henta bæði innan- og utandyra.
Helstu kostir HELIOSA hitara eru:
- Hitna strax
- Vindur hefur ekki áhrif
- Vatnsheldir og menga ekki

Margar gerðir til á lager.

Finndu okkur á facebook

Flísabúðin
Stórhöfða 21 | s: 545 5500 | flis.is


Láttu draumana rætast
– einn í einu
Vantar þig fjármögnun? Við veitum bílalán og bílasamninga fyrir einstaklinga ásamt kaupleigu og fjárfestingarlánum til fyrirtækja.
Við aðstoðum með ánægju
Kynntu þér möguleikana á ergo.is – og góða ferð í sumar.
Hagasmári 3 > 440 4400 > www.ergo.is > ergo@ergo.is
ergo

# Átta af drengjunum hefur verið bjargað úr hellinum í Taílandi

**TAÍLAND** Fjórum drengjum til viðbótar var í gær bjargað út úr hellinum í Chiang Rai-héraði í Taílandi þar sem þeir hafa verið fastir síðan 23. júní. Þar með hefur átta verið bjargað en þeir fjórir síðustu auk þjálfarans bíða enn björgunar.

Aðstæður voru björgunarsveitum áfram hagstæðar í gær og tóku aðgerðirnar styttri tíma en ráðgert var. Vonir standa til þess að það takist að koma síðustu drengjunum út úr hellinum í dag. Óvíst er hvort það takist að koma þjálfaranum út samtímis þar sem björgunaráætlunin gerir ráð fyrir að fjórum sé bjargað í einu.

Meira en eitt hundrað manns taka þátt í að koma drengjunum út úr hellinum. Eftir að drengirnir fjórir voru komnir út úr hellinum í gær tók við langur undirbúningur fyrir næstu lotu.

Drengjunum sem hefur verið bjargað er haldið í einangrun á nálægu sjúkrahúsi vegna hættu á sýkingum. Narongsak Osottankorn, yfirmaður björgunaraðgerða, segir líkamlegt ástand þeirra gott. Þeir séu farnir að borða auðmeltan mat eins og þynntan hafragraut.

Ekki hefur verið greint frá nöfnum þeirra sem bjargað hefur verið af tillitssemi við fjölskyldur drengjanna sem enn eru í hellinum. Sérfræðingar munu meta það hvenær drengirnir fá að hitta fjölskyldur sínar en endurfundirnir verða mögulega í gegnum gler.

Prayut Chan-O-Cha, forsætisráðherra Taílands, fór á vettvang í gær þar sem hann hitti fjölskyldur drengjanna og björgunarfólk. Hann sagði fjölskyldunum að enginn kæmi til með að kvarta yfir þeim upphæðum sem aðgerðirnar myndu kosta. Líf drengjanna væri mikilvægast. **– sar**

**» Fjórir drengir, auk þjálfara hópsins, bíða björgunar. Þeir gistu sína sautjándu nótt í hellinum**

# Kallar á frekari uppstokkun

**Sú aðferðafræði Icelandair Group að bíða og vona að fargjöld hækki hefur gengið sér til húðar, að sögn greinanda Landsbankans. Hlutabréfaverð fyrirtækisins lækkaði um fjórðung í gær eftir afkomuviðvörun. Kergja er á meðal fjárfesta í garð stjórnenda Icelandair fyrir að hafa ekki gætt meiri varfærni í afkomuspá.**

**VIÐSKIPTI** Eflaust verður Icelandair Group rekið ansi nálægt núllinu árið 2018. „Félagið mun væntanlega skila lítils háttar hagnaði miðað við afkomuspá stjórnenda Icelandair Group,“ segir Sveinn Þórarinsson, sérfræðingur í Hagfræðideild Landsbankans.

Hlutabréfaverð Icelandair Group lækkaði um fjórðung í gær í kjölfar afkomuviðvörunar á sunnudagskvöld. Í lok janúar fyrir ári birti flugfélagið sambærilega afkomuviðvörun og þá lækkuðu bréfin um 24 prósent. Verð bréfanna hefur ekki verið lægra síðan 28. janúar 2013.

Elvar Ingi Möller, sérfræðingur hjá greiningardeild Arion banka, segir að viðbrögðin á hlutabréfamarkaði hafi verið í takti við innihald afkomuviðvörunar félagsins.

Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, segir að spá félagsins um að meðalflugfargjöld myndu hækka á síðari hluta ársins virðist ekki ætla að ganga eftir. Auk þess hafi olíuverð hækkað um meira en 50 prósent á einu ári. „Meðal annars af þeim sökum lækkum við afkomuspá félagsins,“ segir hann.

Samkvæmt afkomuviðvöruninni mun EBITDA-hagnaður Icelandair Group – afkoma fyrir fjármagnsliði, skatta og afskriftir – verða 120 til 140 milljónir dala á þessu ári. Áður hafði félagið spáð EBITDA upp á 170 til 190 milljónir dala á árinu. Til samanburðar nam EBITDA félagsins 170 milljónum dala í fyrra.

„Það sem mestu skiptir er hvernig fyrirtækinu muni vegna til framtíðar. Aukin samkeppni hefur þrýst flugfargjöldum niður en félagið er vel í stakk búið til að takast á við hana. Það hafa verið gerðar viðamiklar breytingar á rekstrinum, þar á meðal hefur stjórnendum fækkað og reksturinn verið straumlínulagaður. Icelandair Group er stórt, þótt það sé lítið á heimsvísu, og það tekur alltaf einhvern tíma að innleiða breytingar en þar erum við á góðri leið,“ segir Björgólfur.

Sveinn segir að sú aðferðafræði að bíða og vona að fargjöld hækki hafi gengið sér til húðar eftir fyrsta ársfjórðung. Stjórnendur Icelandair Group hafi ekki gengið nógu langt í breytingum á rekstrinum. „Mig grunar að lággjaldaflugfélögin séu að halda flugfargjöldum niðri. Það þarf að bregðast við breyttu rekstrarumhverfi. Annars mun afkoman halda áfram að versna.“ Að þessu sögðu er fyrirtækið vel fjármagnað, að mati Sveins. „Lausafé fyrirtækisins er næstum 20 milljarðar króna.“

**Missir markaðshlutdeild**

Icelandair er jafnframt að missa markaðshlutdeild, að Sveins sögn. Fram kom í flutningatölum flugfélagsins að farþegum í júní hafi fækkað um 2 prósent á milli ára. „Tölurnar eru svipaðar á fyrstu sex mánuðum ársins. Það þýðir væntanlega að fyrirtækið er að missa markaðshlutdeild því ferðamönnum hefur fjölgað um 4-6 prósent á fyrstu sex mánuðum ársins. Fjöldi Íslendinga í flugvélum Icelandair jókst en samdráttur er í komu ferðamanna hingað til lands og á Norður-Atlantshafsmarkaðnum.“

Elvar Ingi segir að það hafi ekki endilega komið á óvart að Icelandair Group hafi sent út afkomuviðvörun. „Það sem kom hins vegar á óvart var hve mikið afkomuáætlun félagsins var lækkuð. Samhliða óhagstæðri þróun áhrifaþátta á rekstur félagsins á síðustu misserum, einkum hækkun á olíuverði, hefur það verið mikilvægt fyrir afkomu félagsins að verð á flugfargjöldum færi að hækka.“

Kergja er á meðal fjárfesta sem Fréttablaðið ræddi við í garð stjórnenda fyrirtækisins fyrir að hafa ekki gætt meiri varfærni við gerð afkomuspár ársins. Byggst hafi upp væntingar sem varð síðan fljótlega ljóst þegar líða tók árið, einkum með farþegatölunum í apríl, að gætu tæpast gengið eftir. **helgivifill@frettabladid.is**



Væntingar Icelandair um að flugfargjöld hækki á árinu eftir hækkun á olíuverði munu ekki ganga eftir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Eiga yfir helming

Lífeyrissjóðir eiga 53 prósenta hlut í Icelandair Group miðað við lista yfir 20 stærstu hluthafa. Stærstur er Lífeyrissjóður verslunarmanna með 14 prósent. Markaðsvirði hlutabréfa lífeyrissjóðanna var 24 milljarðar króna við lok dags í gær og lækkaði um átta milljarða á einum degi.

### Þróun hlutabréfaverðs Icelandair Group




# Boris á brott vegna ósættis um Brexit

**BRETLAND** Boris Johnson sagði í gær af sér sem utanríkisráðherra Bretlands og fylgdi þannig í fótspor þeirra Davids Davis, ráðherra útgöngumála, og Steves Baker, undirráðherra Davis. Ástæða þessarar afsagnaröldu er áætlun Theresu May forsætisráðherra sem kennd hefur verið við svokallaða „mjúka“ útgöngu úr Evrópusambandinu á meðan þremenningarnir, og fjölmargir úr Íhaldsflokknum, aðhyllast frekar svokallaða „harða útgöngu“.

Harðri útgöngu myndi fylgja algjört brotthvarf af innri markaði ESB og úr tollabandalaginu á meðan þeir sem aðhyllast mjúka útgöngu vilja frekar fallast á málamiðlanir í útgönguviðræðunum til þess að missa ekki umræddan aðgang.

Johnson var harður baráttumaður fyrir útgöngu í þjóðaratkvæðagreiðslunni árið 2016. Greint hefur verið frá því að Johnson hafi látið þau orð falla á ríkisstjórnarfundi á föstudag að það væri svo erfitt að sannfæra almenning um ágæti áætlunar May að það væri eins og að „fægja skít“.

Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra segir að ráðuneytið muni fylgjast náið með þróun mála í Bretlandi. „Þetta hefur vissulega verið viðburðarík helgi og ekki útséð með það hvernig forsætisráðherra Bretlands mun bregðast við fráhvarfi lykilráðherra úr ríkisstjórn sinni. Utanríkisþjónustan hefur gengið út frá því að niðurstaða Brexit geti orðið á ýmsa vegu og undirbúið sig í samræmi við það,“ segir Guðlaugur. **– þea**



# Flokkaðist sem ruslpóstur

**BLÖNDUÓS** Umsókn einstaklings um starf sem sveitarstjóri á Blönduósi var ekki meðal gagna á fyrsta sveitarstjórnarfundi nýrrar sveitarstjórnar síðastliðinn fimmtudag. Er ástæðan sögð sú að umsóknin lenti í pósthólfi með ruslpósti hjá póstþjóni Blönduósbæjar.

Á fyrsta fundi sveitarstjórnarinnar var ráðning sveitarstjóra fyrsta mál á dagskrá. Var haldið fram á fundinum að aðeins sjö einstaklingar hefðu sótt um stöðuna. Hins vegar kom í ljós um helgina að áttunda umsóknin lenti í ruslpóstinum og verða því átta einstaklingar í pottinum þegar sveitarstjóri verður valinn á Blönduósi. **– sa**

# Fá skólavist í Samskiptamiðstöð heyrnarlausra

**MENNTAMÁL** Tveir heyrnarlausir drengir úr Holtaskóla í Reykjanesbæ munu ljúka grunnskólanámi sínu í Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.

Í Fréttablaðinu þann 8. júní var sagt frá því að óvissa ríkti um skólavist drengjanna tveggja. Holtaskóli gat ekki tekið við þeim þar sem enginn kennari sem kann táknmál kenndi við skólann. Þá gátu skólar í Reykjavík ekki tekið við þeim.


**Andri Fannar Ágústsson er sonur Bjargar.**

Annar drengurinn er á leið í 9. bekk en hinn í 10.

„Þeir verða fjóra daga vikunnar í skóla á Samskiptamiðstöðinni og einn dag í viku í Holtaskóla,“ segir Björg Hafsteinsdóttir, móðir annars drengsins. Þeir verða í matreiðslu, sundi, íþróttum og verkgreinum í Holtaskóla en bóklegt nám verður í Samskiptamiðstöðinni.

Að sögn Bjargar verða drengirnir að óbreyttu þeir einu sem læra í Samskiptamiðstöðinni. Hún viti hins vegar til þess að fleiri foreldrar heyrnarlausra barna hafi hug á að börn þeirra fái þar menntun. Drengirnir fá menntun þar að minnsta kosti næstu tvö árin meðan þeir ljúka grunnskólanámi.

„Fyrir mér er þetta fyrsti vísirinn að því að það komi aftur skóli fyrir heyrnarlausa. Börnin eru oft félagslega einangruð í almennum skólum og geta illa verið þar því þar eru fáir, ef einhverjir, sem þau geta talað við. Vonandi verður þessu haldið áfram,“ segir Björg. **– jóe**





B|L

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

# Leiðtogar NATO-ríkjanna mætast í dag

**Leiðtogar Atlantshafsbandalagsins hittast í Brussel í dag. Funda í þrjá daga. Fundarins beðið með eftirvæntingu og vangaveltur um hvað Bandaríkjaforseti geri og segi. Utanríkisráðherra Íslands segir málflutning Bandaríkjamanna nú í takt við fyrri forseta.**

**UTANRÍKISMÁL** Leiðtogafundur Atlantshafsbandalagsins (NATO) hefst í Brussel, höfuðborg Belgíu, í dag. Mætast þar leiðtogar aðildarríkjanna 29 auk framkvæmdastjórans Jens Stoltenberg og forseta Finnlands, Úkraínu og Georgíu.

Bandarískir miðlar hafa mikið fjallað um fundinn og sett hann í samhengi við G7-fundinn í síðasta mánuði þar sem Donald Trump Bandaríkjaforseti rak fleyg á milli ríkis síns og hefðbundinna bandamanna vegna tollamála. Neitaði forsetinn til að mynda að skrifa undir sameiginlega yfirlýsingu vegna óánægju með kanadíska forsætisráðherrann Justin Trudeau.

Sjálfur hefur Trump einblínt á framlög aðildarríkja til varnarmála. Sendi hann meðal annars aðildarríkjum bréf þar sem hann minnti á samþykkt frá árinu 2014 um að framlög hvers ríkis til varnarmála skyldu verða að lágmarki tvö prósent af landsframleiðslu árið 2024. Bandaríkin gætu ekki lengur borið byrðar annarra aðildarríkja.

„Ég ætla að segja NATO að ríkin verði að fara að borga reikningana sína. Bandaríkin geta ekki alltaf reddað öllu. Við höfum verið að borga fyrir allt eins og kjánar,“ sagði Trump við æsta stuðningsmenn á fjöldafundi í Montana á dögunum.

Washington Post sagði frá því á sunnudag að heimildarmenn miðilsins úr sendinefndum aðildarríkja annarra en Bandaríkjanna hefðu áhyggjur af því að Atlantshafsbandalagið gæti borið mikinn skaða af því ef Bandaríkin drægju úr stuðningi við verkefni bandalagsins, jafnvel hreinlega liðast í sundur.

„Áhrifamesta aðildarríkið er ekki bara ósammála okkur heldur virðist forseti þess hreinlega tilbúinn til þess að ganga frá borðinu,“ sagði Tomas Valasek, fyrrverandi sendiherra Slóvakíu hjá NATO, við miðilinn. Ónafngreindur erindreki innan NATO sagði hættu á því að Trump legði starf bandalagsins í hættu og ónafngreindur evrópskur erindreki tók undir þau orð.

Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra segir að skilaboð Bandaríkjanna nú séu í samræmi við það sem áður hefur sést þaðan. „Varðandi nýja ríkisstjórn í Bandaríkjunum og samskipti við Rússa þá hafa Bandaríkin á þessum tíma verið með harðari afstöðu gagnvart rússneskum stjórnvöldum. Hert hefur verið á refsiaðgerðum og sömuleiðis hafa verið gefin skýr skilaboð af þeirra hálfu um samstöðu Atlantshafsbandalagsins gagnvart framferði Rússa,“ segir Guðlaugur.

Hvað varðar kröfu Bandaríkjamanna um aukin útgjöld til varnarmála segir Guðlaugur að aðildarríkin séu nú þegar að auka framlög sín. Það séu samstarfsríki utan bandalagsins einnig að gera. „Það er að segja hér á norðurslóðum, í Finnlandi og Svíþjóð sem eru einhverjir nánustu samstarfsaðilar Atlantshafsbandalagsins,“ segir Guðlaugur og bætir við að Svíar hafi til að mynda tekið upp herskyldu aftur.

„Þannig að það er samstaða um að styrkja og efla Atlantshafsbandalagið og varnir aðildarþjóða. Það er ekkert nýtt að Bandaríkin veki athygli á og ýti á það. Donald Trump er ekki fyrsti Bandaríkjaforsetinn sem gerir það.“

Guðlaugur segir að Ísland sé virkur þátttakandi í NATO og styðji þá stefnu bandalagsins að auka samstarf þar sem nauðsynlegt er að gera slíkt. Hann segir Atlantshafsbandalagið ekki einungis standa frammi fyrir hefðbundinni hernaðarógn heldur hafi aðildarríkin áhyggjur af netöryggismálum og ýmsu öðru.

Þá segir Guðlaugur að á undanförnum árum hafi samstarf Norðurlandanna á sviði varnar- og öryggismála eflst mjög. Bæði hjá þeim ríkjum sem standa innan NATO og utan þess. „Við sjáum það bæði með loftrýmisgæslunni og á ýmsum öðrum sviðum, til dæmis í samstarfi á milli stofnana. Þetta er þáttur sem er að verða veigameiri og ég held að það sé afskaplega skynsamlegt að Norðurlöndin vinni saman á þessu sviði.“ **thorgnyr@frettabladid.is**



**Frá síðasta leiðtogafundi. Donald Trump í fremstu röð og Bjarni Benediktsson í miðröðinni.** NORDICPHOTOS/AFP

> **Það er samstaða um að styrkja og efla Atlantshafsbandalagið og varnir aðildarþjóða. Það er ekkert nýtt að Bandaríkin veki athygli á og ýti á það.**
>
> Guðlaugur Þór Þórðarson, utanríkisráðherra



## Sjáum til með Krímskaga

Donald Trump heldur til fundar við Vladímír Pútín, forseta Rússlands, eftir NATO-fundinn. Fundur þeirra Trumps og Pútíns fer fram í Helsinki þann 16. júlí og verða trúlega allra augu á forsetunum tveimur.

Að því er Washington Post hefur haldið fram óttast erindrekar hjá NATO mjög að Trump nýti tækifærið til þess að viðurkenna innlimun Rússa á Krímskaga. Rússar innlimuðu skagann fyrir rúmum fjórum árum í óþökk alþjóðasamfélagsins og var um að ræða fyrstu aðgerðina af þessum toga í Evrópu frá því í seinni heimsstyrjöld.

Blaðamenn spurðu Trump um borð í þotu forsetans um síðustu mánaðamót hvort hann hygðist viðurkenna innlimunina, innlimun sem meðal annars allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna hefur fordæmt harðlega. „Við verðum bara að sjá til,“ svaraði forsetinn.

BuzzFeed greindi frá því og hafði eftir ónafngreindum heimildarmönnum að yfir kvöldverði á G7-fundinum í síðasta mánuði hefði Trump sagt öðrum fundargestum að Krímskagi væri rússneskur þar sem íbúarnir töluðu flestir rússnesku.





brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

ford.is

ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA

# SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLUNNAR

30-60% AFSLÁTTUR 30-60% AFSLÁTTUR 30-60% AFSLÁTTUR 30-60% AFSLÁTTUR



## ROYAL LAYLA 30% AFSL

Hágæða millistíft fimmsvæða skipt heilsurúm með áföstum 10cm mjúkum topp, millistífu pokagormakerfi, stífum kanti ásamt botni og fótum.



140x200 cm
ÚTSÖLUVERÐ
108.664 kr.
9.777 kr. *á mánuði með kreditkortaláni.
FULLT VERÐ 155.233 kr.



160x200 cm
ÚTSÖLUVERÐ
130.415 kr.
11.653 kr. *á mánuði með kreditkortaláni.
FULLT VERÐ 186.306 kr.



180x200 cm
ÚTSÖLUVERÐ
157.509 kr.
13.990 kr. *á mánuði með kreditkortaláni.
FULLT VERÐ 225.013 kr.

KOMDU NÚNA!

FYRSTA GREIÐSLA Í OKTÓBER.

**Miðað við 12 mánaða vaxtalausan raðgreiðslusamning með 3,5% lántökugjaldi og 405 kr. greiðslugjald

*12 mánaða vaxtalaus kreditkortalán**. Einnig hægt að greiða með Netgíró.

30-60% AFSLÁTTUR 30-60% AFSLÁTTUR 30-60% AFSLÁTTUR 30-60% AFSLÁTTUR

rekkjan HEILSURÚM

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reyk... ...-1955
rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

# Samheldni



Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanh@frettabladid.is

Sama hver niðurstaðan verður af leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins sem hefst í Brussel í dag er ljóst að hún verður söguleg. Fari svo að leiðtogar NATO-ríkjanna takist í hendur að fundarhöldum loknum og lýsi því yfir að bandalagið hafi aldrei staðið styrkari fótum, að samheldni aðildarríkjanna hafi aldrei verið meiri, þá verður það óvænt, en ólíklegt, fagnaðarefni. Mun líklegra er að óreiða muni einkenna viðræðurnar. Ástæðan fyrir því eru auðvitað markvissar og ítrekaðar tilraunir Donalds Trump Bandaríkjaforseta til að grafa undan hinu víðtæka, fjölþjóðlega samstarfi sem hefur frá lokum seinni heimsstyrjaldar stuðlað að einhverri mestu velsæld í mannkynssögunni.

Bandaríkin, í krafti sínum sem mesta efnahags- og hernaðarveldi veraldar, hefur um áratuga skeið myndað hryggjarstykkið í Atlantshafsbandalaginu. Þau greiða fyrir um 70 prósent af heildarútgjöldum NATO. Flestir taka undir að öðrum aðildarríkjum beri að auka hernaðarleg útgjöld sín til að koma til móts við Bandaríkjamenn. Slíkt hefur margoft verið til umræðu á vettvangi bandalagsins. Í þau skipti hafa forverar Trumps falið ráðgjöfum sínum og embættismönnum að sjá um útgjaldamálin.

Núna, hins vegar, er staðan önnur. Bandaríkjaforseti mætir til fundarhalda í Brussel með það yfirlýsta markmið að ræða hernaðarleg útgjöld ríkjanna. Heima fyrir hefur Trump verið skýr í afstöðu sinni: „Þið verðið að fara að borga reikningana ykkar. Bandaríkin munu ekki sjá um allt fyrir ykkur.“ Nei, í stað áframhaldandi samheldni verður niðurstaðan af leiðtogafundinum í Brussel mun frekar í anda G7-fundarins; óreiða og tregða.

Ekkert hernaðarbandalag í sögunni státar af jafn góðum árangri og NATO, þó svo að sambandið hafi oft, og jafnvel ítrekað, misstigið sig. Þrátt fyrir tæplega 70 ár af tiltölulega farsælu samstarfi ríkjanna byggir það í raun á nokkuð einföldum grundvelli – grunni sem í dag virðist vera ansi brothættur – sem er vilji Bandaríkjanna til að skerast í leikinn og koma bandamönnum sínum til hjálpar þegar þörf krefst.

Vonast er til að aðildarríkin samþykki í Brussel að stórefla viðbúnað vegna tilrauna Rússlands til að grafa undan vestrænni samvinnu og aukinna umsvifa landsins í Austur-Evrópu. Ekki er hægt að segja að fyrri verk Vladimírs Pútín gefi ástæðu til bjartsýni á að NATO Trumps, sem ítrekað hefur látið í ljós aðdáun sína í garð einræðisherra á borð við Kim jong-un og Pútín, geti beitt sér af fullu afli í þessu verkefni.

Í dag eru lýðræðisleg gildi víða fótum troðin, og gagnvart þessari ógn er samheldni og traust þeirra ríkja sem berjast fyrir mannréttindum, hagsæld og lýðræði lykilatriði. Það er óskandi að fulltrúar Íslands á leiðtogafundinum í Brussel leggi sitt af mörkum, svo tekið verði eftir, til að viðhalda farsælu samstarfi NATO-ríkjanna.

**Það er óskandi að fulltrúar Íslands á leiðtogafundinum í Brussel leggi sitt af mörkum, svo tekið verði eftir, til að viðhalda farsælu samstarfi NATO-ríkjanna.**


## Varmadælur & loftkæling



Kælitækni

- Kyndir húsið á veturna og kælir á sumrin
- Fyrir norðlægar slóðir
- Fjarstýring fylgir

Verð frá aðeins
kr. 155.000 m.vsk
Midea MOB12
Max 4,92 kW
2,19 kW við -7° úti og
20° inni hita (COP 2,44)
f. íbúð ca 60m2.

Uppsetningaaðilar og umboðsmenn um allt land


Halldór




## Frá degi til dags

**Spil fyrir alla**

**Fólk nýtir sumarfríið sitt með mismunandi hætti. Meðan flestir hugsa út til að losna við grámyglulegt veðrið dundar Jón Þór Ólafsson, þingmaður Pírata, sér við að búa til spil um vinnustað sinn. Hugmyndin er fengin frá bandarísku leyniþjónustunni CIA en stofnunin gerði spil til að undirbúa starfsmenn fyrir starfið. Fyrstu myndir af spilunum má sjá á Facebook-síðu Jóns en ekki liggur fyrir hvernig reglurnar verða. Ætli sigur vinnist með því að koma ríkisstjórn frá völdum eða með því að drekkja öðrum leikmönnum í fyrirspurnaflóði?**

**Kraftar þingmanna**

**Við fyrstu sýn munu spilin byggja að einhverju leyti á sitjandi þingmönnum. Það verður fróðlegt að sjá hvaða krafta (e. special abilities) hver og einn mun hafa og hvort þeir taki breytingum eftir stjórn eða stjórnarandstöðu. Þingmenn Vinstri grænna hafa til að mynda talsvert meira að segja meðan þeir eru í minnihluta. Einn kraftur ætti þó að liggja nokkuð ljós fyrir og það er máttur Sigríðar Á. Andersen. Hún getur auðvitað brotið stjórnsýslulög við skipan nýs dómstigs án þess að það hafi nokkur áhrif á setu hennar í ráðherrastól.**

**joli@frettabladid.is**

# Efndir, ekki nefndir



Sigurður Hannesson
framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins

Góð lífsgæði þjóða verða til á grundvelli verðmætasköpunar. Í samkeppni fyrirtækja á ólíkum mörkuðum skiptir samkeppnishæfni þess ríkis sem fyrirtækin starfa í meginmáli. Starfsumhverfi fyrirtækja er einn fjögurra þátta sem mestu ræður um samkeppnishæfni ríkja, ásamt menntun, innviðum og nýsköpun. Staðan hér er ekki eins og best verður á kosið í þessum efnum. Hér á landi eru laun há í alþjóðlegum samanburði, skattar á fyrirtæki eru háir og munar þar mestu um tryggingagjaldið auk þess sem vextir eru hærri hér en í nágrannalöndunum. Miklar vonir eru bundnar við að endurskoðun peningastefnu geti ásamt umbótum á vinnumarkaði og stefnu í opinberum fjármálum breytt því til lengri tíma litið en þá þarf að taka ákvarðanir strax.

Efnahagsleg endurreisn Íslands tókst vonum framar og henni er nú lokið. Losun fjármagnshafta var þarft verk sem leysti mikla og jákvæða krafta úr læðingi. Um það hafa allir verið sammála að peningastefnu þyrfti að endurskoða þegar höft væru losuð. Af því tilefni hafa verið skrifaðar vandaðar skýrslur með greiningum og tillögum, bæði af Seðlabanka Íslands og nú nýlega af hópi á vegum ríkisstjórnarinnar. Það vantar því ekki tillögur og vandinn er vel skilgreindur. Því miður er þessari endurskoðun þó ekki lokið, tæpum áratug eftir að höft voru sett á. Auka þarf fyrirsjáanleika í þessu mikilvæga máli.

Lengi hafa raunvextir hér á landi verið hærri en í nágrannaríkjunum. Það er aukakostnaður fyrir fyrirtæki hér á landi sem erlendir samkeppnisaðilar þurfa ekki að bera. Slíkt getur skapað ógn við fjármálalegan stöðugleika eins og kom í ljós fyrr á þessari öld þar sem erlendir fjárfestar sóttu í háa vexti hérlendis og innlend fyrirtæki og heimili fjármögnuðu sig í erlendum myntum á mun lægri vöxtum en þekktust hér á landi. Á þessu hefur verið tekið með ýmsum hömlum en nær væri að ráðast að rótum vandans og innleiða nauðsynlegar og tímabærar umbætur í þá veru. Það er verkefni ríkisstjórnarinnar að bæta úr því og tíminn til þess er núna.

**Starfsumhverfi fyrirtækja er einn fjögurra þátta sem mestu ræður um samkeppnishæfni ríkja, ásamt menntun, innviðum og nýsköpun.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Mikilvægi ljósmæðra í þjónustu við nýfædd börn



Þórður Þórkelsson
yfirlæknir Vökudeildar Barnaspítalans

Ljósmóðurstarfið er fjölbreytt. Auk þess að sinna konum á meðgöngu, í fæðingu og eftir barnsburð er stór hluti af starfsskyldum ljósmæðra eftirlit og umönnun hins nýfædda barns. Má þar nefna aðstoð við brjóstagjöf og umönnun barna sem eru létt við fæðingu. Fylgjast þarf með blóðsykri hjá börnum mæðra með sykursýki á meðgöngunni og sjá til þess að þau nærist vel. Mæla þarf reglulega lífsmörk hjá börnum sem eru í hættu á að fá sýkingu, til dæmis ef móðirin var með hita í fæðingunni eða er með streptókokka í fæðingarvegi. Einnig má nefna að nýlega var farið að skima alla nýbura fyrir alvarlegum hjartasjúkdómum með mælingu á súrefnismettun, nokkuð sem er í höndum ljósmæðra. Eftir útskrift sinna ljósmæður móður og barni næstu daga í heimahúsi. Augljóst er hversu mikilvægt starf þeirra er fyrir velferð nýburans og eiga ljósmæður tvímælalaust stóran þátt í þeim góða árangri sem við getum státað okkur af og kristallast í hinum lága ungbarnadauða hér á landi.

Um tíma hefur staðið yfir átak á Landspítalanum sem miðar að því að tryggja samveru móður og barns eins og kostur er. Í því felst meðal annars að nú er fylgst með nýburum sem þurfa á sérstöku eftirliti að halda á fæðingarvakt eða sængurlegudeild. Þetta eru börn sem áður voru tekin inn á Vökudeild en geta nú verið hjá foreldrum sínum þar sem fylgst er með þeim með viðeigandi tækjabúnaði. Eftirlitið er í höndum viðkomandi ljósmóður með aðkomu hjúkrunarfræðings á Vökudeild eftir því sem þörf er á.

Ein er sú ógn sem steðjar að íslensku heilbrigðiskerfi, en það er atgervisflótti. Vel menntað starfsfólk með mikla reynslu og sérþekkingu sækir í önnur störf, einkum vegna óánægju með launakjör og oft einnig vegna mikils álags. Eins og gefur að skilja hefur það í för með sér skerta þjónustu og getur það tekið langan tíma að þjálfa upp nýtt fagfólk í viðkomandi störf. Því er brýnt að við gerum eins vel við heilbrigðisstarfsfólk og kostur er því mannauðurinn er okkar stærsta auðlind.

Nú hafa uppsagnir allmargra ljósmæðra á Landspítalanum tekið gildi og fleiri fylgja í kjölfarið. Spítalinn hefur brugðist við með aðgerðaráætlun til að tryggja öryggi mæðra og barna þeirra. Hins vegar liggur í augum uppi að það kemur að því að þær ráðstafanir nægja ekki lengur og viljum við ekki þurfa að standa frammi fyrir slíku. Því er brýnt að samningsaðilar leggi kapp á að ná samningum sem allra fyrst áður en í óefni er komið.

# Ísland Pólland



Vilhjálmur H. Vilhjálmsson
hæstaréttarlögmaður

Það berast af því fréttir að ekkert réttaröryggi sé í Póllandi og ástandið minni á einræðisríki. Með nýrri lagasetningu ætlar ríkisstjórnin þar í landi að þvinga 27 af 72 (37,5%) dómurum hæstaréttar Póllands á eftirlaun. Að sögn pólsku ríkisstjórnarinnar er ástæðan endurbætur á réttarkerfi landsins. Ekki virðast allir Pólverjar vera sammála því og telja að stjórnin vilji með þessu ná völdum yfir dómstólum landsins.

Einn þeirra er Kriystian Markiewicz formaður pólska dómarafélagsins sem sagði nákvæmlega það í samtali við danska ríkisútvarpið. Hann bætti við að nýju dómararnir yrðu ekki óháðir því þeir væru útnefndir af þeim sem fara með hið pólitíska vald sem leiði af sér að dómstólarnir muni ekki taka réttar ákvarðanir í málum þar sem niðurstöðurnar verði pantaðar af stjórnmálamönnum. Evrópusambandið deilir þessum áhyggjum formanns pólska dómarafélagsins og ætlar að beita Pólland hörðum refsiaðgerðum.

Frá Íslandi er það frétta að dómsmálaráðherra ákvað að skipa 4 dómara af 15 (26,6%) við Landsrétt samkvæmt eigin geðþótta og brjóta í leiðinni lög og reglur sem gilda um skipan dómara. Meðal annars skipaði dómsmálaráðherra eiginkonu flokksbróður síns, sem hafði áður látið henni eftir efsta sæti á framboðslista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, svo hún gæti örugglega orðið ráðherra. Hún skipaði líka eiginmann vinkonu sinnar sem starfaði með ráðherranum á lögmannsstofu í Reykjavík.

Til þess að dómsmálaráðherra fengi nú alveg örugglega að ráða því hverjir yrðu dómarar við Landsrétt ákvað þáverandi ríkisstjórn í krafti meirihluta síns á Alþingi að taka þátt í lögbrotum ráðherrans og því voru greidd atkvæði um öll dómaraefnin í einu, en ekki hvert þeirra um sig, sem er augljóst brot á lögum um dómstóla. Þessir verknaðir íslenska ríkisins eru nú til meðferðar hjá mannréttindadómstól Evrópu sem ákvað á mettíma að taka málið til meðferðar. Málið er nú forgangsmál hjá dómstólnum og „potentially a leading case“, sbr. bréf dómstólsins dags. 21. júní sl.

Á sama tíma hefur Stjórnarráð Íslands (ríkisstjórnin) sent frá sér tilkynningu þess efnis að Ísland gefi kost á sér í mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna. Í tilkynningu ríkisstjórnarinnar kemur fram að mannréttindaráðið hafi það að markmiði að efla og vernda mannréttindi, fjalla um mannréttindabrot og gera tillögur að úrbótum í mannréttindamálum.

Vegna þessara tíðinda var rætt við forsætisráðherra í fjölmiðlum. Hún sagði að Ísland hefði getið sér gott orð fyrir framgöngu sína í mannréttindamálum og hefði verið eftir því tekið á alþjóðavísu. Af sama tilefni sagði utanríkisráðherra að Ísland hefði gagnrýnt ríki sem eiga sæti í ráðinu sem eru ekki til fyrirmyndar í mannréttindamálum s.s. Filippseyjar.

Það er gott að vita af mannréttindum íbúa alls heimsins í öruggum höndum íslenska ríkisins. Á sama tíma er leitt að heyra að pólskir stjórnmálamenn séu að reyna að hafa áhrif á skipan dómstóla í landinu og þar með niðurstöður þeirra. Kannski verður það fyrsta verk Íslands sem forystuþjóðar í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna að tukta pólsku ríkisstjórnina til og tryggja Pólverjum aðgang að sjálfstæðum og óháðum dómstólum sem eru skipaðir samkvæmt lögum.

Eða eins og Megas og Tolli komust að orði með Íkarusi á sínum tíma:

*... en ástandið í Póllandi fer hríðversnandi dag frá degi*
*það dylst þeim ekki sem er hér við hungurmörk svo ég held ég bara þegi*
*ég veit ekki betur en það sé sýnt & sannað*
*að svo skal böl bæta að benda á eitthvað annað.*


**Audi Q5** Sport Quattro
4x4 / 2.0 TDI / Dísil / Sjálfskiptur

**Besta Hekluverðið 7.290.000 kr.**
Fullt verð: 8.650.000 kr.

**Afsláttur**
**1.360.000 kr.**







**Nýr Audi á Besta Hekluverðinu**

Nú er góður tími til að fá sér nýjan Audi hjá Heklu því við vitum aldrei hvað svona frábært verð býðst lengi. **Tryggðu þér bíl á besta Hekluverðinu og aktu inn í sumarið.**

5 ára ábyrgð

**Audi A3 e-tron** 1.4 TFSI / Rafmagn/Bensín / Sjálfskiptur

**Besta Hekluverðið 4.270.000 kr.**




**Audi Q7 e-tron** 3.0 TDI quattro / Rafmagn/Dísil / Sjálfskiptur

**Besta Hekluverðið 10.990.000 kr.**
Fullt verð: 11.730.000 kr.

**Afsláttur**
**740.000 kr.**




**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

**Hér er aðeins sýndur hluti af bílum í boði.** Fullt verð er verð hvers bíls með aukabúnaði. Aukabúnaður á myndum gæti verið annar en í auglýstum verðdæmum. 5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd

# Börnin fljúga frítt

## á völdum dagsetningum í ágúst

FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR
TAKMARKAÐ FRAMBOÐ

FRÁBÆR VERÐ!
ALLT AÐ
25.000 KR
AFSLÁTTUR
Á MANN

**KANARÍ**
BAOBAB RESORT ☆☆☆☆☆
FRÁ **95.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli með morgunverði. Verð frá 144.500 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.
*Ferðatímabil: 14.–21. ágúst*
*ALLT AÐ 24.000 KR. AFSLÁTTUR Á MANN*

ALLT INNIFALIÐ

**ALMERIA**
MEDITERRANEO PARK ☆☆☆☆
FRÁ **117.700 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn junior svíta með ALLT INNIFALIÐ. Verð frá 171.200 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.
*Ferðatímabil: 16.–23. ágúst*
*ALLT AÐ 22.000 KR. AFSLÁTTUR Á MANN*

**BENIDORM**
ALBIR PLAYA ☆☆☆☆
FRÁ **60.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli með morgunverði. Verð frá 102.300 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.
*Ferðatímabil: 16.–24. ágúst*
*ALLT AÐ 18.000 KR. AFSLÁTTUR Á MANN*

**KANARÍ**
PARQUE CRISTOBAL ☆☆☆
FRÁ **62.300 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í smáhýsi með 2 svefnherbergjum. Verð frá 106.300 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.
*Ferðatímabil: 21.–28. ágúst*
*ALLT AÐ 20.000 KR. AFSLÁTTUR Á MANN*

HÁLFT FÆÐI

**ALMERIA**
BEST SABINAL ☆☆☆☆
FRÁ **67.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli með hálfu fæði. Verð frá 108.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.
*Ferðatímabil: 23.-30. ágúst*
*ALLT AÐ 22.000 KR. AFSLÁTTUR Á MANN*

**TENERIFE**
PALM BEACH ☆☆☆
FRÁ **58.500 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í stúdíóíbúð. Verð frá 117.000 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.
*Ferðatímabil: 18. – 25. ágúst*
*ALLT AÐ 25.000 KR. AFSLÁTTUR Á MANN*

Tilboð tekur gildi mánudaginn 9. júlí, kl. 9:00

BÓKAÐU ÞÍNA GISTINGU Í TÍMA
FLEIRI GISTI MÖGULEIKAR Á
sumarferdir.is

**Innifalið í verði: Flug, flugvallaskattar, gisting, íslensk fararstjórn, ferðataska og handfarangur. Þjónustusími opinn allan sólarhringinn.**
**Bókaðu núna, fleiri ferðir og tilboð í boði á www.sumarferdir.is**





**Fáðu ferðaráðgjöf hjá Jenný sölufulltrúa**

Sími 514 1400 | sumarferdir@sumarferdir.is

SUMAR FERÐIR

...eru betri en aðrar

**Sími 514 1400 | sumarferdir@sumarferdir.is**

FRÉTTABLAÐIÐ

# SPORT



Andrea Kolbeinsdóttir er að gera það gott á hlaupabrautinni, en hún er í Tampere í Finnlandi þar sem hún keppir í hindrunarhlaupi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

# Stefnir á að bæta Íslandsmetið

**Andrea Kolbeinsdóttir keppir á heimsmeistaramótinu í frjálsum íþróttum undir 20 ára sem hefst í Tampere í dag. Andrea bætti nýverið Íslandsmetið í 3.000 metra hindrunarhlaupi og langar að bæta það að nýju í dag.**

**FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR** Andrea Kolbeinsdóttir keppir í undanrásum í 3.000 metra hindrunarhlaupi á heimsmeistaramótinu fyrir frjálsíþróttafólk sem er 20 ára eða yngra og haldið er í Tampere í Finnlandi þessa dagana.

„Við tókum æfingu á keppnisvellinum í hádeginu í gær og það var mikil stemming. Það er mjög gaman að æfa á sama stað og sterkasta frjálsíþróttafólk í heimi í þessum aldursflokki. Í minni grein er til að mynda Keníubúinn Celliphine Chepteek Chespol mætt til leiks, en hún er besti keppandinn í þessari grein bara yfir höfuð, það er í fullorðinsflokki einnig,“ segir Andrea í samtali við Fréttablaðið.

„Þetta er með því stærsta sem ég hef gert á hlaupaferlinum, en þetta er á pari við það þegar ég setti Íslandsmet í hálfu maraþoni þegar ég keppti í fullorðinsflokki í greininni í Valencia í mars. Það er draumur minn að keppa einhvern tímann í heilu maraþoni og vonandi tekst mér það einn daginn. Markmið mitt í þessu móti er að bæta Íslandsmet mitt,“ segir Andrea sem náði lágmarki á mótið og bætti í leiðinni Íslandsmetið í júní síðastliðnum.

Hún hljóp þá á 10:31,69 mínútum. Til samanburðar má nefna að Celliphine Chepteek Chespol sem þykir sigurstranglegust á mótinu hefur hlaupið best á 8:58,78 mínútum sem er næsthraðasti tími í greininni frá upphafi. Því fer Andrea með raunhæfar væntingar inn í mótið.

„Mitt hlaupaprógramm miðast aðallega við það að hlaupa 5.000 metra og upp í hálft maraþon [21 kílómetra]. Þessi grein, 3.000 metra hindrunarhlaup, er skemmtileg viðbót sem ég æfi ekki alla jafna nema bara skömmu fyrir þau mót sem ég hyggst taka þátt í. Það verður erfitt að komast upp úr undanrásunum, en það eru um það bil 40 keppendur skráðir til leiks og 15 bestu tímarnir fara í úrslit. Það er fínt að sleppa við Chespol úr mínum riðli þar sem hún mun halda tempóinu mjög háu í sínum riðli. Mín taktík er að byrja ekki of skarpt, en reyna að halda þó í við fremstu keppendur og ná svo góðum endaspretti,“ segir Andrea um markmið sín fyrir mótið.

Spennandi tímar eru fram undan hjá Andreu sem útskrifaðist sem stúdent úr Verslunarskóla Íslands í vor. Hún er þó svekkt yfir að missa af Reykjavíkurmaraþoninu sem hlaupið er í ágúst, en hún verður komin vestur um haf á þeim tíma.

„Ég er á leiðinni í skóla í Bandaríkjunum í haust á frjálsíþróttastyrk. Förinni er heitið til Kaliforníu þar sem ég mun læra Health science [heilbrigðisvísindi] í CBU og æfa frjálsar íþróttir á fullu samhliða því. Þetta er grunnnám fyrir læknisfræði sem ég stefni á að læra í framhaldinu.

Aðaláherslan þar ytra er á vegalengdir upp að 10.000 metrum, þannig að ég mun einblína á það. Það verður leiðinlegt að missa af Reykjavíkurmaraþoninu, en það verður hins vegar gaman að hefja nýja áskorun á skemmtilegum stað,“ segir Andrea um framhaldið.

hjorvaro@frettabladid.is

# Belgar geta leikið til úrslita í fyrsta skipti í sögunni

**FÓTBOLTI** Það kemur í ljós um áttaleytið í kvöld hvort það verða Frakkar eða Belgar sem leika til úrslita á heimsmeistaramótinu í knattspyrnu karla, en liðin mætast í undanúrslitum mótsins í Sankti Pétursborg. Frakkar hafa einu sinni lyft heimsmeistarabikarnum, en það var í París árið 1998 og þá var núverandi þjálfari liðsins, Didier Deschamps, fyrirliði liðsins.

Thierry Henry sem nú er í þjálfarateymi belgíska liðsins var ónotaður varamaður hjá franska liðinu í þeim leik, en hann var þá tvítugur og braut sér leið fram á sjónarsviðið með því að skora þrjú mörk fyrir Frakka á mótinu.

Belgar hafa hins vegar aldrei komist í úrslit á mótinu, en liðið hefur nú þegar búið þannig um hnútana að það muni jafna sinn besta árangur á mótinu sem er fjórða sætið í Mexíkó árið 1986.




**Frakkar hafa reynslu af úrslitaleik á HM sem Belgar hafa ekki. Belgía hefur skorað liða mest á mótinu og haft betur í öllum leikjum.**

Liðin hafa bæði farið í gegnum keppnina án þess að tapa, en Frakkar hafa haft betur í fjórum leikjum og gert eitt jafntefli á meðan Belgar hafa borið sigurorð af mótherjunum í öllum sínum leikjum.

Belgía hefur skorað mesta allra liða í keppninni eða 14 mörk alls og Romelu Lukaku, framherji liðsins, er markahæstur hjá liðinu með fjögur mörk. Hann er næstmarkahæsti leikmaður mótsins á eftir Englendingnum Harry Kane sem hefur skorað sex mörk. Antoine Griezmann og Kylian Mbappé hafa hins vegar skorað mest fyrir Frakka, þrjú mörk hvor. – hó

## Pepsi-deild karla

**Fylkir - Víkingur 2-3**

0-1 Davíð Örn Atlason (5.), 0-2 Bjarni Páll Linnet Runólfsson (7.), 0-3 Nikolaj Andreas Hansen (vítaspyrna) (41.), 1-3 Jonathan Ricardo Glenn (53.), 2-3 Jonathan Ricardo Glenn (81.).
Rautt spjald: Helgi Valur Daníelsson (88.)

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Stjarnan | 25 | KR | 14 |
| Valur | 25 | KA | 12 |
| Breiðablik | 19 | ÍBV | 12 |
| FH | 19 | Fjölnir | 12 |
| Grindavík | 17 | Fylkir | 11 |
| Víkingur | 15 | Keflavík | 3 |



Aron Einar á blaðamannafundi á HM. NORDICPHOTOS/GETTY

## Aron Einar heldur kyrru fyrir í Cardiff

**FÓTBOLTI** Aron Einar Gunnarsson, fyrirliði íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu, hefur framlengt samning sinn við Cardiff City um eitt ár. Aron Einar hafði gefið vilyrði fyrir því að hann myndi halda tryggð við félagið ef liðinu tækist að komast upp í efstu deild.

Sú varð raunin og hann var maður orða sinna og undirritaði samning við velska félagið í Þórsheimilinu á Akureyri í hádeginu í gær. Fyrirliði íslenska liðsins er staddur hér á landi til þess að hlaða batteríin eftir langt og strangt keppnistímabil.

Aron Einar hefur verið á mála hjá Cardiff City frá árinu 2011 þegar hann gekk til liðs við félagið frá Coventry City. Hann spilaði með liðinu þegar það var síðast í efstu deild leiktíðina 2013 til 2014. Þá spilaði hann 23 leiki og skoraði eitt mark í 3-2 sigri gegn Manchester City. – hó

## Guðni Valur komst inn á EM

**FRJÁLSAR** Guðni Valur Guðnason, kringlukastari úr ÍR, kastaði kringlunni 65,53 metra á móti sem fram fór í Kaplakrika í gærkvöldi. Guðni Valur átti best 63,50 metra fyrir þetta kast og er þetta þar af leiðandi besta kast hans.

Hann kastaði kringlunni 63,50 metra í september árið 2015, einnig í Hafnarfirði. Guðni Valur, sem er 22 ára gamall, hefur bætt sig jafnt og þétt í greininni undanfarin ár og bætir sig nú um rúma tvo metra.

Þessi árangur kemur Guðna í 12. sæti á Evrópulistanum fyrir árið 2018, en kastið tryggir honum enn fremur þátttöku á Evrópumótinu sem haldið verður í Berlín í ágúst næstkomandi.

Íslandsmetið í greininni er 67,64 metrar en það var Vésteinn Hafsteinsson sem setti það met árið 1989. – hó

## HM í dag

**18.00 Frakkland – Belgía**

# Fólk

ÞRIÐJUDAGUR 10. JÚLÍ 2018

Heilsa



Team Rynkeby Ísland hjólaði 1.270 kílómetra til styrktar krabbameinssjúkum börnum. Hjónin Guðbjörg Þórðardóttir og Viðar Einarsson leiddu hópinn. →4


Léttu lifrinni lífið!







# Tekur einn leik í einu

Elín Metta Jensen, markahæsti leikmaður Pepsi-deildar kvenna í fótbolta, segir hana og liðið eiga eitthvað inni í sumar. Næsta stóra skref er að setjast á skólabekk í haust og hefja nám í læknisfræði.

„Ég var alltaf með boltann á tánum frá því ég man eftir mér og foreldrar mínir voru duglegir að keyra mig á æfingar og í leiki," segir Elín Metta Jensen. MYND/ERNIR


Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is




Markahæsti leikmaður Pepsi-deildar kvenna í fótbolta, Elín Metta Jensen, var ekki há í loftinu þegar hún hóf að sækja heimaleiki Vals með föður sínum sem var mikill Valsari að hennar sögn. Boltinn var alltaf með í för og fimm ára gömul var hún byrjuð að æfa með Val en hún hefur leikið með félaginu allan feril sinn hér á landi. „Ég hafði alveg frá upphafi gífurlega mikinn áhuga á fótbolta og var alltaf rosalega dugleg við að mæta á allar æfingar og aukaæfingar. Foreldrar mínir veittu mér mikinn stuðning, sérstaklega pabbi sem var mjög duglegur að hvetja mig áfram og aldi það svolítið upp í mér að hafa alltaf trú á sjálfri mér. Ég var alltaf með boltann á tánum frá því ég man eftir mér og foreldrar mínir voru duglegir að keyra mig á æfingar og í leiki. Um tíma æfði ég líka körfubolta og handbolta þegar það var frí í fótboltanum en var þó alltaf fyrst og fremst í fótbolta."

## Gengið ágætlega

Valskonur eru í þriðja sæti Pepsi-deildarinnar í harðri baráttu við nokkur lið og Elín Metta er markahæsti leikmaður deildarinnar með níu mörk. Í kvöld er hins vegar stórleikur þegar Valskonur mæta Blikum í Kópavogi. En hvernig finnst henni mótið hafa spilast fyrir liðið og hana persónulega? „Mér finnst okkur hafa gengið ágætlega í sumar. Spilamennskan hefur verið fín og fer í raun batnandi. Sjálfri hefur mér gengið líka ágætlega en ég held að bæði ég og liðið eigum eitthvað inni. Markmið liðsins var að vera í toppbaráttunni og það hefur gengið eftir hingað til. Markmið mín fyrir tímabilið voru að halda áfram að bæta mig í hverjum leik og hugsa bara um einn leik í einu. Það hefur gengið ágætlega hingað til."

**Framhald á síðu 2 →**

Framhald af forsíðu ➪

### Jákvætt hugarfar

Öll umgjörð kringum fótboltann hefur breyst gríðarlega mikið hér á landi á undanförnum árum sem meðal annars hefur skilað sér í góðum árangri kvenna- og karlalandsliða okkar. „Ég held að fótboltinn hér á landi og umgjörðin kringum hann eigi bara eftir að verða betri á næstu árum. Þetta gerist samt ekkert af sjálfu sér og ég hugsa að fótboltahreyfingin sé alveg meðvituð um það. Síðan þurfum við bara að muna eftir því að halda áfram með það hugarfar sem hefur einkennt íslenska knattspyrnu undanfarin ár.“

Og rétt hugarfar og samviskusemi skiptir miklu máli ef ná á langt í fótbolta. Aðspurð um góð ráð til ungra stelpna sem eru að stíga sín fyrstu skref í fótbolta segir hún fótboltann eiga fyrst og fremst að vera skemmtilegan. „Því er mikilvægt að reyna að halda jákvæðu viðhorfi til sín og liðsfélaganna, líka þegar á móti blæs. Svo er nauðsynlegt að muna eftir því að til þess að verða betri verður maður að mæta á æfingar með því hugarfari að gera hlutina aðeins betur en í gær. Utan vallar þarf svo að huga að svefni, réttu mataræði og jákvæðu viðhorfi. Einnig er gott að hafa markmið til að stefna að.“

### Stefnir á lækninn

Meðfram fótboltanum hefur Elín Metta starfað hjá Landakotsspítala sem ritari og starfsmaður í býtibúri auk þess sem hún hefur þjálfað í tækniskólanum hjá Val í sumar. „Síðan var ég að fá inngöngu í læknisfræði við Háskóla Íslands í haust. Ég valdi læknisfræði því mér finnst hún sameina svo margt sem ég hef áhuga á. Það eru margir fletir á henni sem ég hlakka til að kynna mér. Þannig að mér finnst líklegt að ég muni starfa sem læknir þegar boltanum lýkur.“

*Hvernig er dæmigerð helgi?*

Það eru oft æfingar um helgar en ef ég er í fríi finnst mér ágætt að hreyfa mig með því að fara í göngutúr eða kíkja í ræktina. Oft finnst mér fínt að vera heima og slaka á með því að lesa eða horfa á mynd. Annars er ég mikil kaffihúsakona og finnst afskaplega notalegt að fá mér cappuccino og eitthvað sætt með því um helgar.

*Nærðu einhverju sumarfríi í sumar?*

Eina almennilega fríið er í kringum verslunarmannahelgina og ætlum við nokkrar úr Valsliðinu að skella okkur til Kaupmannahafnar í nokkra daga.

*Hver er uppáhaldsæfingin og sú sem er í minnstu uppáhaldi?*

Það er þetta klassíska, reitur og spil sem er í mestu uppáhaldi. Allt sem tengist skotum á markið er líka mjög skemmtilegt. Annars finnst mér upphitun ekkert sérstaklega skemmtileg.

*Hvað færðu þér í morgunmat?*

Yfirleitt fæ ég mér spælt egg ofan á ristað brauð og kaffibolla. Stundum útbý ég þeyting með.

*Hvað finnst þér gott að fá þér í kvöldmat?*

Mér finnst taílenskur matur mjög góður. Svo er líka voðalega gott að fá bleikju hjá mömmu.

*Hvað finnst þér gott að fá þér í millimál?*

Epli og hnetusmjör eru baneitrað kombó.

*Hver er erfiðasti mótherjinn?*

Ætli erfiðasti mótherjinn hafi ekki verið Frakkland í gegnum tíðina. Frönsku leikmennirnir eru yfirleitt sterkir og hraðir.

*Hvernig kemur þú þér í gírinn fyrir leik?*

Ég er ekki með neina sérstaka rútínu. Reyni bara að ná góðum svefni og borða vel fyrir leik.

*Ertu morgunhani eða finnst þér gott að sofa út?*

Á virkum dögum finnst mér betra að byrja daginn snemma en um helgar leyfi ég mér minni innri B-manneskju að njóta sín og reyni að sofa út.

*Ertu nammigrís?*

Nei, ég mundi ekki segja það. Ég fæ mér ekki oft nammi. Samt er ég mikil súkkulaðikona og fæ mér stundum suðusúkkulaði.



**„Ég valdi læknisfræði því mér finnst hún sameina svo margt sem ég hef áhuga á. Það eru margir fletir á henni sem ég hlakka til að kynna mér. á næstu árum,“ segir Elín Metta Jensen.** MYND/ERNIR



**Elín Metta með fjölskyldu sinni. F.v. eru Klara Sif, systurdóttur hennar, Magdalena Kjartansdóttir, móðir hennar, Elín Metta, Stefán bróðir, Katrín systir og Markús E. Jensen, faðir hennar, en hann lést um jólin 2016.**




**Elín Metta sýndi góða takta ellefu ára gömul á Símamótinu í Kópavogi.**



**Með föður sínum, Markúsi E. Jensen, á ættarmóti um tíu ára aldurinn.**

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** 365 miðlar
**Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir**, elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir**, heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson**, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir**, sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson**, starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir**, thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Sölumenn:** **Atli Bergmann**, atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | **Jón Ívar Vilhelmsson**, jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson**, olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 |

**MARAÞON**

**Veglegt sérblað Fréttablaðsins um maraþon kemur út 27. júlí nk.**

**Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.**



**Nánari upplýsingar um blaðið veitir**

Jón Ívar Vilhelmsson markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 512 5429 / jonivar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

# Ekki láta flugnabit skemma fríið

Effitan flugnafæluúði er náttúrulegur og með mikla virkni. Hann virkar vel á lúsmý, moskítóflugur, mý, flugur, flær og skógarmítla í allt að 8 klukkutíma og hentar allri fjölskyldunni.

Lúsmý virðist hafa náð góðri fótfestu á Íslandi, einkum á Suðvestur- og Vesturlandi. Þetta er smágerður vágestur sem er nokkuð sama hvort það er dagur eða nótt, það virðist alltaf vera góður tími hjá honum til að angra fólk og bíta. Bitin geta orðið rauð og upphleypt og valdið miklum kláða. Effitan er náttúruleg flugnafæla sem nota má á alla fjölskylduna og endast áhrifin í allt að 8 klukkustundir,“ segir Hrönn Hjálmarsdóttir, næringar- og heilsumarkþjálfi hjá Artasan.

**Bitvargur**

„Bitvargur er skordýr sem bítur eða stingur og er þá í flestum tilfellum verið að tala um mý eða moskítóflugur. Það getur verið ótrúlega óþægilegt að hafa flugnabit og sumir enda jafnvel á að þurfa að taka sýklalyf þar sem viðbrögðin eru svo heiftarleg. Það er því til mikils að vinna að losna við þennan ófögnuð og fjölmörg ráð sem hægt er að notast við sem eru fyrirbyggjandi. Stundum er það þó svo að það er sama hvað gert er – ekkert virkar, en engu að síður drögum við verulega úr líkum á biti með því að verjast eftir fremsta megni og nýta öll þau ráð sem við eigum í pokahorninu.“

**Effitan er náttúruleg vörn**

„Effitan inniheldur ekki eiturefni sem notuð eru í mörgum skordýrafælum en efni eins og t.d. DEET sem notað er í sumum flugnafælum er talið geta haft skaðleg áhrif á heilsu fólks, sé það notað í miklu magni. Virku innihaldsefnin í Effitan eru m.a. kókosolía, Eucalyptus Citriodora (sítrónu júkalyptus) og citronella sem er ilmkjarnaolía og vel þekkt sem flugnafæla í kremum, úðum og kertum. Effitan er 98,88% náttúrulegt og er virkni þess klínískt rannsökuð, bæði hjá Swiss Tropical Institute í Basel og Dr. Dautel Institut í Berlín.“

**Fyrir alla fjölskylduna**

„Þar sem Effitan er náttúruleg skordýrafæla hentar hún fyrir alla fjölskylduna. Ófrískar konur og börn frá 3 mánaða aldri eru ekki undanskilin en nota skal hóflega á börn undir 3 ára aldri. Einungis þarf að varast að bera efnið ekki þar sem hægt er að setja það í augu og munn. Rannsóknir sýna að Effitan verndar í allt að 8 klukkustundir.“

**Stangveiði, golf, göngur og sólarferðir**

„Lúsmýið virðist ætla að lifa af þetta sólarlausa og kalda sumar á Suðvesturlandi og er því þjóðráð að eiga Effitan í golftöskunni, bakpokanum og hvað þá í veiðitöskunni en bitvargurinn getur hreinlega eyðilagt friðsæla veiðiferð. Það er líka þjóðráð að nota það þegar taka á til hendinni í garðinum. Svo er ekki gott að vera útbitinn og að tapa sér í kláða í sólarlandaferðinni og getur það í sumum tilfellum skemmt fríið. Effitan má nota að vild og ekki er verra ef við tökum nóg af B-vítamíni inn líka en pöddurnar eru margar hverjar viðkvæmar fyrir lyktinni sem þetta vítamín gefur frá sér.“



Hrönn Hjálmarsdóttir, heilsumarkþjálfi.

> ”Effitan er náttúruleg flugnafæla sem nota má á alla fjölskylduna og endast áhrifin í allt að 8 klukkustundir.
>
> Hrönn Hjálmarsdóttir, heilsumarkþjálfi

**Að forðast flugnabit**

Fjölmörg ráð eru til sem hjálpa okkur að forðast bitvarginn. Hér eru nokkur þeirra:

- Nota flugnanet til að skerma fyrir glugga svo hægt sé að opna og lofta.
- Hafa sérstaka aðgát í ljósaskiptunum, hafa hýbýli lokuð og hylja líkamann utandyra.
- Ekki vera við vötn, vatnsker eða tjarnir þar sem flugan sækir á þessa staði.
- Bera á sig flugnafælandi áburð eða úða og reyna að hafa hann sem mest náttúrulegan þar sem sum eiturefni geta haft neikvæð áhrif á heilsu manna sé það notað í of miklu magni.






Flugnabit eru afar óþægileg og í einhverjum tilfellum þarf fólk að taka sýklalyf vegna þeirra.

Sölustaðir: Flest apótek, Hagkaup og Heilsuhúsið

# Lyktin getur fælt flugur

Öflug B-vítamínblanda er ekki bara mikilvæg fyrir líkamsstarfsemina því mörgum hefur reynst vel að taka þetta mikilvæga vítamín til að fæla frá sér flugur/bitvarg.

B-vítamín taka þátt í nýtingu orku úr fæðu og þau eru mikilvæg fyrir ýmsa líkamsstarfsemi svo sem starfsemi meltingarfæra, tauga, vöðva, augna, hjarta, æðakerfis og myndunar rauðra blóðkorna. B-vítamín viðheldur einnig vexti nagla og hárs. Til eru margar gerðir af B-vítamínum (1-12) og þjóna þau öll mismunandi hlutverkum í líkamanum,“ segir Hrönn Hjálmarsdóttir, heilsumarkþjálfi hjá Artasan.

**B1 gegn flugum**

„B1 heitir tíamín og tekur það þátt í nokkrum lykilefnahvörfum í líkamanum. Frumur taugakerfisins nærast einkum á kolvetnum og eru þær háðar tíamíni til þess að geta notað kolvetnið sem orkugjafa. Taugafrumurnar verða þess vegna fyrst og mest fyrir barðinu á tíamínskorti. Tíamín finnst í flestum próteinríkum fæðutegundum en þó aðallega í kjöti, heilhveiti, rúgmjöli og öðrum kornmat. Það skemmist við suðu. Tíamín er einnig mjög lyktsterkt og getur það fælt burtu skordýr og flugur.“

> ”B-1 vítamín er mjög lyktsterkt og getur það fælt frá skordýr og flugur. Það er því þjóðráð að taka Vitamin-B Complex frá Natures Aid með í fríið ásamt Effitan skordýrafælunni.
>
> Hrönn Hjálmarsdóttir, heilsumarkþjálfi

**Vitamin-B Complex**

„Natures Aid framleiðir afar öfluga B-vítamínblöndu sem er líkaminn nýtir mjög vel. Vitamin-B Complex er einnig svokallað „time release“ sem þýðir að það verður meiri upptaka yfir lengra tímabil en þegar um venjulegt B-vítamín bætiefni er að ræða.“

**Gott að taka kúr**

„Það getur verið gott að taka inn sterka B-vítamínblöndu annað slagið. Fjölmargir finna mun á sér þar sem þetta vítamín hefur gríðarlega góð áhrif á taugarnar þannig að við slökum betur á og jafnvel sofum betur,“ segir Hrönn. „B-vítamín eru vatnsleysanleg og því þarf að neyta þeirra reglulega hvort sem í fæðunni eða í formi bætiefna. Svo er þjóðráð að fá sér B-vítamín fyrir sumarfríið, bæði til að slaka betur á og til að fæla flugurnar frá.

Sölustaðir: Lyfsalinn Glæsibæ, Lyf & Heilsa og Apótekarinn




B-vítamín er vatnsleysanlegt svo neyta þarf þess reglulega, gegnum fæðu eða í formi bætiefna.





Söfnunin stendur enn yfir og enn er frestur til að skrá sig fyrir næsta ár.



Guðbjörg segir hópinn hafa minnt á gulan strætó, hjólandi í halarófu.




Hópurinn kom fagnandi í mark í París á laugardaginn.

# Hjóluðu 1.270 kílómetra til styrktar SKB

Íslenskur hjólreiðahópur hjólaði 1.270 kílómetra, frá Kolding í Danmörku til Parísar, og kom í mark á laugardaginn. Hjólað var til styrktar krabbameinssjúkum börnum.

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@frettabladid.is

Við erum Team Rynkeby Ísland en Rynkeby er samnorrænt góðgerðarverkefni til styrktar krabbameinssjúkum börnum. Alls hjóla 48 lið til styrktar málefninu og þetta er í annað sinn sem íslenskt lið tekur þátt,“ útskýrir Guðbjörg Þórðardóttir en hún og eiginmaður hennar, Viðar Einarsson, settu íslenska hópinn á laggirnar.

„Við uppgötvuðum fyrir fjórum árum að Ísland var eina Norðurlandaþjóðin sem ekki tók þátt í þessu verkefni og settum okkur því í samband við þau. Við Viðar tókum þátt árið 2016 og hjóluðum þá ásamt dönskum vinahjónum okkar, með dönsku liði, til að kynna okkur aðstæður. Við sáum að þarna var alls konar fólk að hjóla. Íslenskt lið tók svo í fyrsta skipti þátt í fyrra og þá söfnuðust níu milljónir. Við vorum stærsti styrktaraðili SKB í fyrra og stefnum á að safna 15 milljónum í ár,“ segir Guðbjörg.

Ferðin hafi gengið vel og afar ánægður hópur hafi hjólað í mark á laugardaginn.

„Við hjóluðum 1.270 kílómetra á átta dögum. Alls fóru 39 hjólarar út auk níu manna aðstoðarteymis en við fylltum 20 feta gám af hjólum og öðrum búnaði. Alla leiðina fylgdu okkur fjórir bílar og sá aðstoðarteymið um að næra hjólreiðafólkið á leiðinni. Allt var skipulagt fyrir fram og öll gisting frágengin. Ferðin gekk frábærlega vel og við fengum sól alla daga, nema einn, þegar við lentum í úrhelli og þrumum í Hollandi. Annars var hitinn yfirleitt í kringum 32 gráður,“ segir Guðbjörg og viðurkennir að reynt hafi á að hjóla í slíkum hita.



Veðrið lék við hjólreiðafólkið sem hafði æft í roki og rigningu vikum saman.

> **Ferðin gekk frábærlega vel og við fengum sól alla daga, nema einn.**

„Við erum auðvitað ekki vön hitanum. En það var þó kærkomið að fá sólina eftir að hafa æft okkur í rigningu og roki á Íslandi í margar vikur,“ segir hún hress.

Hver dagur hófst klukkan hálf sjö að morgni. Fyrstu dagana hjólaði hópurinn 200 kílómetra á dag og svo í kringum 150 kílómetra. Leiðin lá um stíga og sveitavegi og segir Guðbjörg aðstæður hafa verið frábærar.

„Við hjóluðum tvö og tvö hlið við hlið í halarófu og minntum á gulan strætó á vegunum. Við fórum meðal annars upp Muro de Huy, þá frægu brekku úr Tour de France, sem var mikil áskorun fyrir okkur flest. Hún er brött en ekki löng. Það gekk allt mjög vel hjá okkur. Öll ferðin er mikil upplifun og stemmingin var frábær þegar við komum í mark á laugardaginn,“ segir Guðbjörg.

Á Facebook-síðu Team Rynkeby Ísland má sjá hvernig ferðin gekk í ár, hvaða leið var farin og myndir úr ferðinni. Söfnunin stendur enn yfir en henni lýkur í lok júlí. Upplýsingar er að finna á teamrynkeby.is. Til að taka þátt í verkefninu á næsta ári þarf að skrá sig fyrir 18. ágúst en yfir hundrað manns sóttu um í fyrra.

FRÉTTABLAÐIÐ
Fréttablaðið með þér í sumar.
Þú getur nálgast frítt eintak af Fréttablaðinu á eftirfarandi stöðum víðsvegar um landið:
Kringlan SMÁRALIND FJÖRÐUR
BÓNUS KJÖRBÚÐIN Krambúð nettó
N1 olís bóksala stúdenta Háma
FRÉTTABLAÐIÐ
mest lesna dagblað landsins.




ZIKZAK
TÍSKUHÚS

# 30-80%

afsláttur af **útsöluvörum og nýjar vörur komnar!**

# ÚTSALA

Skoðaðu úrvalið á **www.zikzakverslun.is**




Tískuhús Zik Zak www.zikzakverslun.is Kringlan 551-1314 Glerártorg 559-1314

# Smáauglýsingar

512 5800
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

SUZUKI



SUZUMAR gúmmíbátar. Uppblásnir slöngubátar með álgólfi og mikla burðargetu. Til í stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

KRÓKUR

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www. bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

### Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-250þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

## Þjónusta

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Garðyrkja

Almenn garðvinna, sláttur, úðun og ofl. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

**HÚSAVIÐGERÐIR**
**ENDURBÆTUR OG NÝSMÍÐI**
- Smíðavinna
- Múrvinna
- Málningarvinna

☎ 788 8870
eind@eind.is
Eind ehf

### Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasímar, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

### Spádómar

**Nympha-dora**
Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan
VISA 562 8211 EURO

Spái í spil. Tímapantanir. S. 891 8727 Stella. Geymið auglýsinguna

## Keypt & Selt

### Til sölu



**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**
Stærðir í cm: 200x200, 210x210, 220x220, 235x235, 235x217, 217x174, 8 hyrnd lok. Lokin þola 1000 kg jafnarðarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnarar til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000 Haffi og 777 2001 Grétar

MAX
**JÁRNABINDIVÉLAR**
**BINDIVÍR**
**FJARLÆGÐAPLAST**
**A-STÓLAR**
**NAGLAR**
BINDIVÍR
bindivir.is
**Sími 857 7060**

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
jonogoskar.is s.552-4910

## Heilsa

### Nudd

**HEILSUNUDD**
Nuddstofan, opið frá 10-20. einnig á laugardögum S. 561 6254

## Skólar & Námskeið

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Húsnæði

### Húsnæði óskast

**EINBÝLI / HÆÐ / RAÐHÚS Í 110 RVK**

**EÐA NÁGRENNI ÓSKAST**
Hjón með 3 börn óska eftir einbýli, raðhúsi, eða hæð í 110 RVK eða nágrenni. Aðeins langtímaleiga kemur til greina. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið.

Nánari upplýsingar sendist á:

sendtohelgi@gmail.com




586 1414
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan
Klettháls 2 · 110 Reykjavík

kaffi á könnunni
opið mán-fös 10-18

2017 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri

STÓRA BÍLASALAN
...á verði fyrir þig!

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is




## Atvinna

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**

## Þjónusta

Útvegum starfsmenn

**TIL FJÖLBREYTTRA STARFA UM LENGRI EÐA SKEMMRI TÍMA**

Nánari upplýsingar í síma 551 5000 eða sendið fyrirspurn á netfangið proventus@proventus.is

**PROVENTUS** Starfsmannaþjónusta **551 5000**

Ármúla 15, 108 Reykjavík - www.proventus.is - proventus@proventus.is

## Þjónusta



**VANTAR ÞIG STARFSFÓLK**

Handafl er traust og fagleg starfsmannaveita með margra ára reynslu á markaði þar sem við þjónustum jafnt stór sem smá fyrirtæki.

Við útvegum hæfa starfskrafta í flestar greinar atvinnulífsins

Markmið okkar er að spara viðskiptavinum tíma, fyrirhöfn og fjármuni.

Suðurlandsbraut 6, 108 Rvk. | SÍMI 419 9000 | info@handafl.is | **handafl.is**

HANDAFL STARFSMANNAVEITA

# Öflugar viftur

## Iðnaðarviftur fyrir íslenskar aðstæður

**Loftviftur - Þakviftur - Reykviftur - ATEX viftur og bara venjulegar viftur**



**Þú færð viftuna hjá okkur:**

viftur.is -andaðu léttar

íshúsið

S:566 6000 • ishusid@ishusid.is • www.viftur.is • Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur

## Fasteignir

### Þingvellir



Vel staðsett 36,1fm sumarhús á 2000fm eignalóð.

Bústaðurinn skiptist í : stofu, herbergi, eldhús, baðherbergi og geymslu.
Húsið þarfnast viðhalds. Lóðin er gróinn með fallegum trjám.
Verönd er fram með austur, suður og vestur hlið hússins.
Rafmagn og vatn er tengt í bústaðinn.
Bústaðurinn er vel staðsettur í göngufæri við Þingvallavatn og er hverfið lokað af með rafmagnshliði. Allt innbú fylgir húsinu.

Nánari upplýsingar veitir Helgi Jónsson
Löggiltur fasteignasali í síma : 780-2700
eða á helgi@miklaborg.is

Verð: **9,9 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG 569 7000 Lágmúla 4 www.miklaborg.is
- með þér alla leið -




### Kambsvegur 18, 104-Reykjavík

**OPIÐ HÚS Í DAG KL. 16:30-17:00**

Góð 113,4 m2 sérhæð með 36m2 bílskúr. Forstofa, eldhús með góðri ljósri innréttingu. Stofa og borðstofa með parketi á gólfum. Fjögur svefnherbergi eru á hæðinni öll parketlögð. Snyrtilegt baðherbergi með sturtu. Bílskúr er frístandandi með hita, rafmagni og sjálfvirkum opnara á hurð. Stór og skjólsæll garður á móti suðvestri. Íbúðin er til afhendingar við kaupsamning. Sér bílastæði fylgir fyrir framan bílskúrinn.

ÁRSALIR FASTEIGNAMIÐLUN 533 4200

Ársalir ehf fasteignamiðlun
Sími: 533 4200 og 892 0667
Engjateigi 5, 105 Rvk, arsalir@arsalir.is



*Björgvin Björgvinsson, löggiltur fasteignasali*




## Atvinna

### CARA SNYRTISTOFA

**Óskum eftir að ráða snyrtifræðing í 100% starf.**
Opnunartími er 08-16 og til 18 á miðvikudögum.
Áhugasamir sendið mail á cara@cara.is
Cara Snyrtistofa - Bæjarlind 1-3 - 201 Kópavogur




HÚÐIN skin clinic

### VILTU SLÁST Í HÓPINN?

HÚÐIN skin clinic sem er vaxandi fyrirtæki óskar eftir að ráða hjúkrunarfræðing í 60% starf með möguleika á sveigjanlegum vinnutíma. Mikið er lagt upp úr góðum starfsanda, notalegu andrúmslofti og faglegum metnaði.

**Menntunar- og hæfnikröfur:**
- Háskólamenntun í hjúkrunarfræði.
- Starfsreynsla úr heilbrigðisþjónustu.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Nákvæmni og vandvirkni.
- Jákvæðni og framúrskarandi samskiptahæfni.
- Menntun í snyrtifræði er kostur.

Tekið er á móti umsóknum og starfsferilskrá á hudin@hudin.is til og með **16.júlí 2018.**



Ný tækifæri,
nýjar áskoranir!

HAGVANGUR
www.hagvangur.is

# Vertu klár í sumarið



Gul
Dartmouth
þurrgalli

Verð frá
44.900 kr.



**Vaðskór**
fyrir fjöruferðina, árnar
eða ströndina!
Barna 1.990 kr.
Fullorðins 2.390 kr.

**Blautgallar fyrir alla fjölskylduna**



3mm herra
11.990 kr.

3mm dömu
11.990 kr.

3mm barna
6.900 kr.



Björgunarvesti,
barna og fullorðins
6.900 kr.



Björgunarvesti,
fyrir kajakræðarann
13.990 kr.



5mm skór
5.900 kr.




Rumble belgur til að draga
24.900 kr.



3mm hetta
4.900 kr.



3mm hanskar
4.490 kr.



Everyday hálfrennd herra
11.990 kr.

Oasis Crewe síðerma herra
11.990 kr.

Tech Lite stutterma herra
8.990 kr.

Oasis Crewe síðerma dömu
11.990 kr.

Tech Lite stutterma dömu
8.990 kr.

Siren Tank dömu
6.990 kr.

Away hettupeysa dömu
22.990 kr.

## icebreaker® MERINO



FluidZo
hálfrennd með hettu
19.990 kr.



Anatomica boxers herra
5.590 kr.




Everyday Crewe síðerma herra frá 9.990 kr.



Everyday leggings dömu/herra
9.990 kr.



Oasis
barnasett
10.990 kr.



Shifter
rennd með hettu herra
21.990 kr.

**100% Merino ull**
Bolir, húfur, jakkar, sokkar,
vettlingar, leggings, nærföt

Smiðjuvegur 8, Græn gata
200 Kópvogi, sími: 571 1020
www.ggsport.is

Opið virka daga frá 10.00 til 18.00,
laugard. frá kl. 11.00 til 15.00

# GG•sport




„Finndu okkur á Facebook"



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, bróðir og afi,

**Jónas Kristjánsson**
fv. ritstjóri,

lést á Landspítalanum við Hringbraut föstudaginn 29. júní. Minningarathöfn verður haldin í Gamla Bíói fimmtudaginn 12. júlí kl. 13.00.

**Kristján Jónasson**
**Pálmi Jónasson**
**Pétur Jónasson**
**Halldóra Jónasdóttir**
**Anna Halla Mancilla**
**tengdabörn og barnabörn.**

ÞETTA GERÐIST: 10. JÚLÍ 1970

## Forsætisráðherrahjón og barnabarn fórust í eldi

Hörmulegur atburður átti sér stað aðfaranótt 10. júlí árið 1970 þegar Bjarni Benediktsson forsætisráðherra, Sigríður Björnsdóttir, kona hans, og Benedikt Vilmundarson, fjögurra ára dóttursonur þeirra, brunnu inni í Ráðherrabústaðnum á Þingvöllum. Atburðurinn var reiðarslag fyrir íslensku þjóðina og olli mikilli sorg.

Bústaðurinn var griðastaður forsætisráðherrahjónanna. Þó höfðu þau einungis ætlað að dvelja þessa einu nótt í honum að þessu sinni því daginn eftir var för þeirra heitið vestur á Snæfellsnes þar sem Bjarni ætlaði að halda ræðu á héraðsmóti.

Kalt var þessa nótt og fjöll gránuðu niður í fjallsrætur kvöldið áður. Það voru hollenskir ferðamenn sem urðu eldsins í bústaðnum varir um klukkan hálf tvö og datt í fyrstu í hug að kveiktur hefði verið varðeldur en er þeir fóru að aðgæta aðstæður nánar sáu þeir hvers kyns var. Þeir börðu á glugga og dyr hússins og reyndu að opna það, árangurslaust. Einn þeirra hljóp til Hótel Valhallar og tilkynnti um eldsvoðann. Örskömmu síðar virtist verða sprenging í húsinu, þakið lyftist upp og eldurinn braust út.


**Dapurlegt var um að litast á vettvangi eldsvoðans.** MYND/GVA

Ráðherrabústaðurinn var lengi nefndur konungshúsið. Hann var reistur í tilefni af komu Friðriks konungs áttunda til Íslands árið 1907.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Þorsteinn Leifsson**
bifreiðastjóri,
Birkilundi 19, Akureyri,

sem lést á dvalarheimilinu Hlíð laugardaginn 30. júní, verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju mánudaginn 16. júlí kl. 13.30.

**Hrafnhildur Baldvinsdóttir**
**Leifur Þorsteinsson** — **María Þórðardóttir**
**Sigurbjörg Þorsteinsdóttir** — **Haraldur Guðmundsson**
**Jón Rúnar Þorsteinsson** — **Ásrún Elín Guðmundsd.**
**Sigrún Þorsteinsdóttir** — **Ragnar Sverrisson**
**Auður Þorsteinsdóttir** — **Tryggvi Gunnarsson**
**Arna Þorsteinsdóttir** — **Bjarni Hallgrímsson**
**Sigríður Þorbjörg Þorsteinsd.** — **Bjarni Bjarnason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar og tengdafaðir,

**Ólafur Guðröður Leósson**
Ljónsstöðum,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands miðvikudaginn 4. júlí. Útförin fer fram frá Selfosskirkju föstudaginn 13. júlí klukkan 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á að styrkja Bláa naglann.

**Unnur Skúladóttir**
**Skúli Kristjánsson**
**Lea Björg Ólafsdóttir**
**Oddný Lára Ólafsdóttir** — **Þórður Ingi Ingileifsson**



Faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Sigmundur Guðmundsson**
fv. flugumferðarstjóri,

lést 8. júlí sl. að hjúkrunarheimilinu Eir. Útförin verður auglýst síðar.

**Bergþóra Sigmundsdóttir** — **Gunnar V. Johnsen**
**Egill Þ. Sigmundsson** — **Petra L. Einarsdóttir**
**Björg Sigmundsdóttir** — **Már Guðmundsson**
**og fjölskyldur.**



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**Guðjón Gunnarsson**
frá Tjörn í Biskupstungum,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Ási í Hveragerði 24. júní sl. Útförin fer fram í Skálholtskirkju mánudaginn 16. júlí.

**Guðjón Rúnar Guðjónsson**
**Gunnar Guðjónsson**
**Sólrún Guðjónsdóttir**
**Erlingur Þór Guðjónsson**
**Snorri Geir Guðjónsson**
**og fjölskyldur.**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Hólmfríður Friðgeirsdóttir**
(Holla)
Sunnuhvoli, Raufarhöfn,

lést á Dvalarheimilinu Hvammi þann 5. júlí síðastliðinn. Jarðsungið verður frá Raufarhafnarkirkju þriðjudaginn 17. júlí klukkan 14.

**Vilmundur Þór Jónasson**
**Valgeir Jónasson** — **Kristín Böðvarsdóttir**
**Gunnar Finnbogi Jónasson** — **Þórhildur Hrönn Þorgeirsd.**
**barnabörn og langömmubörn.**



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, amma, langamma og langalangamma,

**Þórunn Frans**
Hrísateig 36, 105 Reykjavík,

lést á heimili sínu laugardaginn 30. júní. Jarðarförin verður í Dómkirkjunni miðvikudaginn 11. júlí kl. 13.

**Hallgrímur Jónsson**
**Ingunn Elín Hróbjartsdóttir**
**Jóna Hróbjartsdóttir**
**Sveinbjörg Hallgrímsdóttir**
**Þorbergur Hallgrímsson**
**Ásgerður Hallgrímsdóttir** — **Ólafur Björn Lárusson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Nærgætni, hlýja og virðing — Við andlát ástvinar




ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR

**Ísleifur Jónsson**
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

**Steinunn Magnúsdóttir**
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Helga Ísleifsdóttir**
frá Hvolsvelli,
Gullsmára 9, Kópavogi,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut fimmtudaginn 28. júní. Útför hennar fer fram miðvikudaginn 11. júlí frá Seljakirkju í Breiðholti kl. 13.00.

**Erlingur Ólafsson**
**Brynja Erlingsdóttir**
**Ísleifur Þór Erlingsson** — **Þórunn Jónasdóttir**
**Bára Erlingsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Valur Tryggvason**
Kirkjuvöllum 3, Hafnarfirði,

lést á Vífilsstöðum þriðjudaginn 3. júlí. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 13. júlí kl. 13.00.

**Sigríður Einarsdóttir**
**Valur E. Valsson** — **Kristín Ólafsdóttir**
**Hildur Valsdóttir** — **Kristbjörn Óli Guðmundsson**
**Gunnar Þór Valsson** — **Ólöf Magnúsdóttir**
**Tryggvi Örn Valsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Fyrirtækið er 50 ára í ár

**Netverslun og símaþjónusta**

Blómastofa Friðfinns

s. 553 1099 • blomabud.is • blomabud@blomabud.is

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5407.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Halldóra Sveinbjörnsdóttir**
Borgartúni 30a,

lést miðvikudaginn 4. júlí á Landspítalanum í Fossvogi. Útförin fer fram frá Neskirkju miðvikudaginn 11. júlí kl. 13.00.

**Þóra Hrólfsdóttir** — **Tómas Kristjánsson**
**Halldóra Hrólfsdóttir** — **Pétur Waldorff**
**Gunnar Sverrisson**
**barnabörn og aðrir aðstandendur.**

# ALLT INNIFALIÐ

## MEÐ ÖLLUM LEGSTEINUM


2041
149.900 KR.
~~ÁÐUR: 276.600 KR.~~


2046
270.220 KR.
~~ÁÐUR: 408.900 KR.~~


6010
288.620 KR.
~~ÁÐUR: 431.900 KR.~~


2006
295.820 KR.
~~ÁÐUR: 440.900 KR.~~


115
369.420 KR.
~~ÁÐUR: 532.900 KR.~~


113
297.420 KR.
~~ÁÐUR: 442.900 KR.~~


2021
315.520 KR.
~~ÁÐUR: 451.900 KR.~~


106
319.420 KR.
~~ÁÐUR: 452.900 KR.~~


104
329.420 KR.
~~ÁÐUR: 482.900 KR.~~


118
313.420 KR.
~~ÁÐUR: 462.900 KR.~~


129-3
385.420 KR.
~~ÁÐUR: 552.900 KR.~~

## ÖLL OKKAR VERÐ MIÐAST VIÐ FULLBÚINN STEIN MEÐ UPPSETNINGU

### ÞARF AÐ ENDURNÝJA LETRIÐ Á STEININUM?

GRANÍTHÖLLIN TEKUR AÐ SÉR AÐ HREINSA OG ENDURMÁLA LETUR Á LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM VIÐ AÐ OKKUR AÐ RÉTTA AF LEGSTEINA SEM ERU FARNIR AÐ HALLA.




*Frí uppsetning miðast við uppsetningu á höfuðborgarsvæðinu.
Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.

MÖRKIN 4
108 REYKJAVÍK

Graníthöllin
Legsteinar

SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Þriðjudagu

Suðvestan 13-23 á morgun, áfram hvassast norðvestan til með snörpum hviðum og einnig á miðhálendinu. Víða skúrir, en léttskýjað austanlands. Hiti 10 til 20 stig, hlýjast á Austurlandi.




### Miðvikudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 11° | 10° | 15° |
| ↑ 10 | ↑ 15 | ↗ 7 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 16° | 11° | 9° |
| ↗ 2 | ↖ 3 | ↑ 12 |

### Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 10° | 11° | 14° |
| ↗ 4 | ↗ 10 | ↗ 8 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 16° | 14° | 8° |
| ↗ 3 | ↗ 3 | ↑ 8 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | | | 7 | 3 | | 6 | |
| | | 5 | 4 | | 2 | 8 | 3 | 7 |
| | | 4 | 6 | | | | | |
| 6 | | | 9 | | 8 | | | |
| | | | | 3 | | 6 | 5 | |
| 3 | | 9 | | 4 | | | 2 | |
| | 7 | | | | 4 | | | 5 |
| | | 6 | | | 5 | | 7 | 1 |
| | 2 | 3 | | 9 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | 4 | 7 | | | | 1 | |
| | 5 | 1 | | 8 | | | | |
| 6 | | 7 | | | 4 | | | |
| | 7 | | | | 9 | | | 4 |
| | | 2 | | | 3 | 6 | 5 | |
| 4 | | 6 | | | | | | 1 |
| | | | | | 2 | 3 | | 9 |
| 2 | | 3 | 8 | | | 1 | | |
| 5 | 4 | | | | | | | 7 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | 6 | 1 | | | | | |
| 9 | | | 2 | | 7 | | | |
| | | 2 | 9 | | 5 | 7 | | |
| 4 | | 8 | | | | | 1 | |
| | | | | | | | | |
| | | | 5 | | 6 | | 9 | 8 |
| 1 | | | | | | | | 4 |
| 2 | 8 | | 7 | 1 | | | 6 | 3 |
| | | 7 | | | | | | 5 |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. ylna
5. jafnvel
6. í röð
8. spýta
10. átt
11. missir
12. ræða
13. vingjarnleiki
15. seglhringur
17. smyrsl

**LÓÐRÉTT**
1. refsingar
2. sjá eftir
3. efni
4. afhending
7. flennivíður
9. fasta stærð
12. hljóðfæri
14. loka
16. átt

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1. hitna, 5. eða, 6. fg, 8. frussa, 10. na, 11. tap, 12. tala, 13. alúð, 15. ráband, 17. salvi.
**LÓÐRÉTT:** 1. hefndar, 2. iðra, 3. tau, 4. afsal, 7. gapandi, 9. staðal, 12. túba, 14. lás, 16. nv.

## Skák Gunnar Björnsson

Asztalos átti leik gegn Toth Ljubljana árið 1938.

**Svartur á leik**

**1...Dxh3+! 2. Rxh3 Rf3# 0-1.**
Sænska meistaramótinu lauk í fyrradag í Ronneby. Fréttir af því má finna á skak.is.

**www.skak.is:** Nýjustu skákfréttir.



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 3 | 4 | 1 | 2 | 6 | 9 | 5 | 7 |
| 6 | 9 | 5 | 4 | 3 | 7 | 1 | 2 | 8 |
| 7 | 1 | 2 | 5 | 8 | 9 | 6 | 4 | 3 |
| 1 | 4 | 6 | 2 | 5 | 8 | 3 | 7 | 9 |
| 9 | 8 | 3 | 7 | 6 | 4 | 2 | 1 | 5 |
| 2 | 5 | 7 | 9 | 1 | 3 | 4 | 8 | 6 |
| 3 | 7 | 1 | 8 | 9 | 2 | 5 | 6 | 4 |
| 4 | 2 | 9 | 6 | 7 | 5 | 8 | 3 | 1 |
| 5 | 6 | 8 | 3 | 4 | 1 | 7 | 9 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 1 | 4 | 3 | 7 | 5 | 9 | 2 | 6 |
| 7 | 5 | 9 | 8 | 6 | 2 | 3 | 1 | 4 |
| 6 | 2 | 3 | 4 | 9 | 1 | 7 | 8 | 5 |
| 5 | 8 | 2 | 9 | 1 | 4 | 6 | 3 | 7 |
| 9 | 6 | 7 | 5 | 8 | 3 | 1 | 4 | 2 |
| 3 | 4 | 1 | 6 | 2 | 7 | 5 | 9 | 8 |
| 1 | 3 | 5 | 2 | 4 | 6 | 8 | 7 | 9 |
| 2 | 7 | 8 | 1 | 5 | 9 | 4 | 6 | 3 |
| 4 | 9 | 6 | 7 | 3 | 8 | 2 | 5 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 4 | 5 | 1 | 3 | 8 | 7 | 2 | 6 |
| 8 | 3 | 6 | 2 | 5 | 7 | 4 | 9 | 1 |
| 1 | 2 | 7 | 4 | 6 | 9 | 8 | 3 | 5 |
| 2 | 1 | 3 | 6 | 8 | 5 | 9 | 4 | 7 |
| 4 | 5 | 9 | 3 | 7 | 1 | 2 | 6 | 8 |
| 6 | 7 | 8 | 9 | 2 | 4 | 1 | 5 | 3 |
| 3 | 8 | 1 | 5 | 9 | 2 | 6 | 7 | 4 |
| 5 | 9 | 4 | 7 | 1 | 6 | 3 | 8 | 2 |
| 7 | 6 | 2 | 8 | 4 | 3 | 5 | 1 | 9 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman







# Hvað? Hvenær? Hvar? Þriðjudagur

hvar@frettabladid.is

## 10. JÚLÍ 2018

### Tónlist

**Hvað?** Draumur um ást
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Listasafni Sigurjóns Ólafssonar, Laugarnestanga
Lilja Guðmundsdóttir sópran og Eva Þyri Hilmarsdóttir píanóleikari. Flytja fimm sönglög ópus 37 eftir Jean Sibelius, kafla úr Rómönsum ópus 47 eftir Pyotr Tchaikovsky og Bretti Lieder eftir Arnold Schönberg. Tónleikarnir hefjast stundvíslega klukkan 20.30 og standa án hlés í því sem næst eina klukkustund. Kaffistofa safnsins er opin eftir tónleikana og gefst gestum kostur á að hitta flytjendur þar. Miðasala er við innganginn og aðgangseyrir er 2.500 kr. Tekið er við greiðslukortum.

**Hvað?** Þjóðlög í þjóðleið – Cantoque Ensemble
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hafnarborg, Hafnarfirði
Cantoque kemur fram á Sönghátíð í Hafnarborg á tónleikunum Þjóðlög í þjóðleið, þar sem sönghópurinn flytur útsetningar á íslenskum þjóðlögum eftir tólf íslensk tónskáld, þar af tvö úr hópnum sjálfum. Í Cantoque Ensemble syngja átta söngvarar, sem eru reyndir bæði á sviði snemmtónlistar, nútímatónlistar og óperu: Hallveig Rúnarsdóttir, Þórunn Vala Valdimarsdóttir, Hildigunnur Einarsdóttir, Lilja Dögg Gunnarsdóttir, Eyjólfur Eyjólfsson, Þorkell Helgi Sigfússon, Hafsteinn Þórólfsson og Örn Ýmir Arason.

**Hvað?** HIMA Kennaratónleikar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Norræna húsinu
Alþjóðlega tónlistarakademían í Hörpu heldur kennaratónleika í sal Norræna hússins þann 10. júlí kl. 20. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir! Kennarar Alþjóðlegu tónlistarakademíunnar í Hörpu eru í fremstu röð íslenskra og erlendra hljóðfæraleikara, og eru sumir þeirra prófessorar við virta tónlistarháskóla eða leiðarar í sinfóníuhljómsveitum. Á þessum tónleikum munu kennararnir miðla af list sinni með flutningi fjölbreyttra einleiks- og kammerverka.




Djassinn er á sínum stað á Kex eins og alla þriðjudaga.

**Hvað?** KexJazz // Move – kvartett Óskars Guðjónssonar
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Kex hostel, Skúlagötu
Á jazzkvöldi Kex hostels þriðjudaginn 10. júlí kemur fram kvartettinn Move – kvartett saxófónleikarans Óskars Guðjónssonar. Eyþór Gunnarsson leikur á píanó, Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson á kontrabassa og Matthías Hemstock á trommur. Óskar stofnaði kvartettinn Move til að takast á við hið sígildasta form jazztónlistar; lúður með píanótríói.

**Hvað?** Katie Melua
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hörpu
Það verða ljúfir tónar sem fylla Eldborgarsal Hörpu í júlí í sumar þar sem Katie mun flytja öll sín bestu lög ásamt hljómsveit sinni en Katie er einhver vinsælasta söngkona Bretlands síðustu ár og hefur hún selt meira en 11 milljón plötur, haldið tónleika fyrir hundruð þúsunda og hlotið 56 platínuplötur.

### Viðburðir

**Hvað?** Hjólað í kjölfar hvalveiðimanna – kynning
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Borgarbókasafninu Spönginni
Hópur Spánverja ætlar dagana 8.-27. að hjóla frá Keflavík til Ísafjarðar með viðkomu í Steingrímsfirði og fleiri stöðum, þar sem skoðaðar verða minjar um veru baskneskra hvalveiðimanna á Íslandi fyrr á öldum. Eins og sögurnar um hin grimmilegu Baskavíg á Íslandi 1615 bera vitni áttu þeir ekki allir afturkvæmt til Baskalands. Áhugafólk um hjólreiðar er velkomið að slást í för með þeim. Íslandsferðin er í framhaldi af ferð sama hóps um norðurströnd Baskalands fyrr í sumar, þar sem hjólað var um upprunaslóðir hvalveiðimannanna og fræðst um aðstæður þar. Hópurinn vill gjarnan hitta áhugafólk um baskneska sögu og menningu og býður alla velkomna í spjall og jafnvel matarsmökkun. Gestirnir mega líka gjarnan taka sjálfir rétti með og deila.

**Hvað?** Gönguferð í Laugardalinn
**Hvenær?** 15.30
**Hvar?** Hjúkrunarheimilinu Sóltúni
Þriðjudaginn 10. júlí býður Sóltún Heima upp á gönguferð í Laugardalinn. Hist er fyrir utan hjúkrunarheimilið Sóltún og gengið inn í Laugardalinn. Förum einn hring í Grasagarðinum með stuttu stoppi og síðan er haldið til baka sömu leið. Teygjur í lok göngunnar fyrir þá sem vilja. Gangan er ca. klukkutími. Ásdís Halldórsdóttir íþróttafræðingur leiðir hópinn.

**Hvað?** Vatnslitun – Water colouring at Loft
**Hvenær?** 20.15
**Hvar?** Loft, Bankastræti
Það verður hrollvekjuþema á næsta vatnslitakvöldi! Á þriðjudaginn, 10. júlí, verður vatnslitakvöld. Boðið er upp á vatnsliti og pappír en að sjálfsögðu megið þið koma með ykkar eigin. Íris María mun veita ráðgjöf og kennslu við vatnslitun ef áhugi er fyrir hendi. Nú er tilvalið að nýta sköpunarkraftinn og mála með okkur á Lofti.




FRÉTTABLAÐIÐ
MENNING

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is



# Ellefu ára píanósnillingur

**Ásta Dóra leikur píanókonsert á lokatónleikum Alþjóðlegu tónlistarakademíunnar. Hefur unnið til verðlauna erlendis.**



„Ég reyni að æfa mig á hverjum degi, helst þrjár klukkustundir," segir Ásta. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÓRSTEINN

Hin ellefu ára gamla Ásta Dóra Finnsdóttir leikur píanókonsert nr. 1 eftir Mendelssohn á lokatónleikum Alþjóðlegu tónlistarakademíunnar í Hörpu laugardaginn 14. júlí klukkan 17.00. Hún hefur vakið mikla athygli fyrir snilli sína í píanóleik og unnið til verðlauna í píanókeppnum í Póllandi, Englandi og Belgíu.

Ásta byrjaði tæplega fimm ára gömul að læra á píanó. „Pabbi minn setti mig í tónlistarskóla til að prófa og þegar ég fór í píanónám elskaði ég píanó," segir hún. „Ég er ekki mikið að leika mér með dúkkur, ef ég kæmi á stað þar sem væru dúkkur og píanó myndi ég ganga að píanóinu."

### Ekki mikið stress

Ásta, sem hefur stundað nám hjá Kristni Erni Kristinssyni í Allegro Suzukitónlistarskólanum í Reykjavík, hefur þessa dagana sótt námskeið hjá Alþjóðlegu tónlistarakademíunni í Hörpu. „Ég reyni að æfa mig á hverjum degi, helst þrjár klukkustundir. Um daginn kom ég heim klukkan hálf átta eftir námskeið í Hörpu og fór að æfa mig og klukkan var næstum tíu þegar ég var búin," segir hún.

Hún er vön því að spila opinberlega og segist ekki finna mikið fyrir stressi. „Ég er kannski smástressuð þegar ég er að byrja að spila en þegar ég er komin inn í lagið þá er ég búin að venjast því og er ekki lengur stressuð," segir hún.

### Spilað fyrir forsetann

Hún spilaði á Bessastöðum í tengslum við alþjóðlega EPTA-ráðstefnu sem haldin var hér á landi í september 2016 og meðal áheyrenda voru, auk forseta Íslands, margir erlendir píanókennarar. „Það var bara gaman. Ég spilaði nokturnu eftir Chopin. Þegar ég fór að píanóinu var fólk að horfa á mig og ég var aðeins stressuð af því að það eru erfiðir tónstigar í laginu og ég þurfti að spila mjög hátt. Ég náði því alveg og gerði eiginlega engin mistök. Ég var mjög glöð því ég vissi að ég spilaði vel og það var það sem mig langaði til að gera."

Hún spilaði einnig á hundrað ára afmæli Viðskiptaráðs í Háskólabíói þar sem áheyrendur voru 800 og forsetinn var meðal gesta. „Hann kom til mín og sagði: Ég man eftir þér. Ég var mjög hissa að hann skyldi muna eftir mér," segir Ásta.

### Engar sérstakar fyrirmyndir

Hún segist ekki eiga neinar sérstakar fyrirmyndir í píanóheiminum: „Ég elska að hlusta á góða píanóleikara en ég er ekki mikið að líta upp til þeirra." Uppáhaldsverkin eru svo breytileg hverju sinni: „Á síðasta ári þurfti ég að spila Schumannkvintett og ég elskaði það og sagði að það væri uppáhaldsverkið mitt. Núna er ég að æfa sónötu eftir Grieg og sagði: Þetta er uppáhaldsverkið mitt." Spurð um uppáhaldstónskáld segir hún: „Þetta er erfitt. Má ég segja þrjá?" Það má hún að sjálfsögðu og nefnir þá Grieg, Chopin og Mendelssohn.

> EF ÉG KÆMI Á STAÐ ÞAR SEM VÆRU DÚKKUR OG PÍANÓ MYNDI ÉG GANGA AÐ PÍANÓINU.


Nokkrir góðir inn í sumarið
Fleiri bílar og myndir á netinu: hnb.is



Audi Q7
Design Plus quattro 3.0 TDI
2016
Ekinn 37.000
8.790.000 KR
4x4

Cricket leðursæti. rafmagnsfærsla í sætum. sjálfvirkur nemi fyrir háan geisla. LED inniljósapakki. nálgunarvörn m. Aðstoð við að leggja í stæði. umhverfismyndavél 360°. íslenskt leiðsögukerfi. MMI plus touch. virtual mælaborð. skjár í stað mæla. lyklalaust aðgengi með sparkskynjara. 19" álfelgur. Panorama glerþak o.fl.



Mazda 3
Vision
2015 2.290.000 KR
64



Mitsubishi Outlander
Instyle 7 Manna
2018 4.990.000 KR
30
4x4



Skoda Yeti
Ambition 2.0 TDI 4x4
2014 2.990.000 KR
89
4x4



VW e-Golf
Premium rafbíll
2015 3.240.000 KR
18



Toyota RAV4
GX Plus
2014 ~~3.140.000~~ KR
TILBOÐ 2.850.000 KR
72
4x4



VW Passat Variant
Highline 2.0 TDI
2016 3.600.000 KR
101

Raf / Bensín
Ekinn þús. km. 30
Myndir á vef
Dísil
Fjórhjóladrif 4x4
Metan & bensín ECO
Sjálfskiptur A
Beinskiptur
Rafmagnsbíll

Volkswagen
ŠKODA
MITSUBISHI MOTORS
HEKLA
NOTAÐIR BÍLAR
Klettháls 13 · hnb.is · 590 5040




Eva Þyri og Lilja eru góðar vinkonur og vinna mikið saman.

# Yrkisefnið draumur um ást

Lilja Guðmundsdóttir sópransöngkona og Eva Þyri Hilmarsdóttir píanóleikari flytja síðrómantíska ljóðatónlist eftir Sibelius, Tsjaikofskí og Schönberg á sumartónleikum í Listasafni Sigurjóns í kvöld. „Við erum að fara að syngja um ástina,“ segir Eva Þyri.

Verk Sibelius og Tsjaikofskí fjalla um mannlegar tilfinningar, þrár og einmanakennd. „Rússneskt drama fyrir allan peninginn,“ segir Eva Þyri. Schönberg er svo á tiltölulega léttum nótum í sínum ljóðaflokki, Brettl Lieder, hann sló í gegn í Vínarborg í upphafi 20. aldar. En þó ljóðin hans séu glettnari en tónverk hinna tveggja þá er yrkisefnið það sama, draumur um ást.

Eva Þyri segir þær Lilju hafa unnið mikið saman í fimm ár. „Samstarfið byrjaði í raun í dagskránni Perlur íslenskra sönglaga sem eru fastur liður í Hörpu, við höfum haldið tugi tónleika undir þeim lið, en þetta er í fyrsta sinn sem við troðum upp saman á sumartónleikum í Listasafni Sigurjóns,“ segir hún. „Við erum góðar vinkonur, fyrir utan starfið, þannig að við erum í reglulegu sambandi og okkur hefur lengi langað að gera eitthvað annað saman en að flytja íslensku lögin. Nú er komið að því.“

**ÞETTA ER Í FYRSTA SINN SEM VIÐ TROÐUM UPP SAMAN Á SUMARTÓNLEIKUM Í LISTASAFNI SIGURJÓNS.**

gun@frettabladid.is










# DAGSKRÁ

## Þriðjudagur




Frábærir þættir frá HBO

**SUCCESSION**
KL. 20:55
Þegar fjölmiðlamógúllinn Logan Roy ákveður að fara að slaka á og minnka við sig fer all verulega að hrikta í stoðum ættarveldisins. Ferskir og stórgóðir þættir úr smiðju HBO.




**Þrælgott þriðjudagskvöld**
Fáðu þér áskrift á **stod2.is**

**MAJOR CRIMES**
KL. 20:15
Skemmtileg þáttaröð um lögreglukonuna Sharon Raydor sem er ráðin til að leiða sérstaka morðrannsóknadeild innan hinnar harðsvíruðu lögreglu í Los Angeles.



**SIX**
KL. 21:55
Hörkuspennandi þættir sem byggðir eru á raunverulegum verkefnum sérsveitarinnar SEAL Team six sem er þekktust fyrir að hafa uppi á hryðjuverkaleiðtoganum Osama bin Laden.



**WYATT CENAC´S PROBLEM AREAS**
KL. 22:40
Áhugaverður og ögrandi þáttur úr smiðju HBO í umsjón grínistans Wyatt Cenac sem á að baki langan feril sem handritshöfundur og ráðgjafi fyrir þætti eins og The Daily Show.



**THE DEPARTED**
KL. 22:00
Kröftug og óvægin spennumynd um ólgandi átök og spillingu innan glæpamafíunnar í Boston og lögreglunnar en skilin þar á milli eru ansi óljós.



**ONE BORN EVERY MINUTE**
KL. 20:55
Vandaðir og áhugaverðir þættir sem gerast á fæðingardeild á bandarískum spítala þar sem fylgst er með komu nýrra einstaklinga í heiminn.



Allt þetta og meira til á aðeins **9.990 kr.** **stod2.is**

### STÖÐ 2

**07.00** Simpson-fjölskyldan
**07.25** Teen Titans Go
**07.50** Strákarnir
**08.15** The Middle
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.15** The New Girl
**10.40** Poppsvar
**11.15** Grantchester
**12.05** Um land allt
**12.35** Nágrannar
**13.00** Britain's Got Talent
**14.10** Britain's Got Talent
**14.35** Britain's Got Talent Í þessum lokaþætti kemur í ljós hver stendur uppi sem sigurvegari í Britain's Got Talent.
**16.35** Friends
**17.00** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.50** Sportpakkinn
**19.00** Fréttayfirlit og veður
**19.05** Modern Family
**19.25** The Goldbergs
**19.50** Great News Önnur syrpa þessara gamanþátta sem fjalla um mæðgurnar Carol og Katie en það reynir á samband þeirra þegar móðirin Carol fær reynslustarf á sama fjölmiðli og dóttirin vinnur á. Það reynir aldeilis á þolrifin hjá Katie því móðirin er uppátækjasöm og oftar en ekki hrókur alls fagnaðar. Þættirnir eru úr smiðju Tinu Fey og Roberts Carlock sem gerðu einnig 30 Rock og Unbreakable Kimmy Schmidt.
**20.15** Major Crimes
**21.00** Succession
**21.55** Six Önnur syrpa þessara hörkuspennandi þátta sem byggðir eru á raunverulegum verkefnum sérsveitarinnar SEAL Team six sem er þekktust fyrir að hafa haft uppi á hryðjuverkaleiðtoganum Osama bin Laden. Í hverjum þætti fær sérsveitin flókin og erfið mál til að leysa úr og sannar það ítrekað að þegar er um líf eða dauða að tefla eru þeir fremstir í sínu fagi. Handritshöfundur þáttanna William Broyles Jr. (Apollo 13) fékk dygga aðstoð frá fyrrverandi sérsveitarhermanninum David Broyle sem gætir þess þó að upplýsa ekki um allra viðkvæmustu trúnaðargögnin þrátt fyrir ómetanlegt innlegg hans í handritsgerðina.
**22.40** Wyatt Cenac's Problem Areas
**23.10** Greyzone
**23.55** Nashville
**01.05** Code of a Killer
**01.55** Code of a Killer
**02.45** Code of a Killer
**03.30** Next of Kin
**04.15** Next of Kin
**05.00** Next of Kin

### STÖÐ 2 SPORT

**09.30** Pepsímörkin
**10.50** Sumarmessan
**11.30** Fyrir Ísland
**12.10** KR - Valur
**13.50** Valur - Þór/KA
**15.35** Fyrir Ísland
**16.10** Goðsagnir - Ragnar Margeirsson
**16.45** Sumarmessan
**17.25** Fylkir - Víkingur
**19.05** Breiðablik - Valur
**21.00** Sumarmessan
**21.40** Formúla 1: Bretland - Kappakstur

### STÖÐ 3

**19.10** Last Man Standing
**19.35** The New Girl
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**20.50** One Born Every Minute
**21.40** iZombie
**22.25** Supernatural
**23.10** The Newsroom
**00.50** The New Girl
**01.15** Seinfeld
**01.40** Friends
**02.05** Tónlist

### STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**07.47** Doddi litli og Eyrnastór
**08.00** Áfram Diego, áfram!
**08.24** Svampur Sveinsson
**08.49** Lalli
**08.55** Pingu
**09.00** Strumparnir
**09.25** Ævintýraferðin
**09.37** Hvellur keppnisbíll
**09.49** Gulla og grænjaxlarnir
**10.00** Stóri og Litli
**10.13** Töfrahetjurnar
**10.27** K3
**10.38** Mæja býfluga
**10.50** Tindur
**11.00** Dóra könnuður
**11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**11.47** Doddi litli og Eyrnastór
**12.00** Áfram Diego, áfram!
**12.24** Svampur Sveinsson
**12.49** Lalli
**12.54** Pingu
**13.00** Strumparnir
**13.25** Ævintýraferðin
**13.37** Hvellur keppnisbíll
**13.49** Gulla og grænjaxlarnir
**14.00** Stóri og Litli
**14.13** Töfrahetjurnar
**14.27** K3
**14.38** Mæja býfluga
**14.50** Tindur
**15.00** Dóra könnuður
**15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**15.47** Doddi litli og Eyrnastór
**16.00** Áfram Diego, áfram!
**16.24** Svampur Sveinsson
**16.49** Lalli
**16.54** Pingu
**17.00** Strumparnir
**17.25** Ævintýraferðin
**17.37** Hvellur keppnisbíll
**17.49** Gulla og grænjaxlarnir
**18.00** Stóri og Litli
**18.13** Töfrahetjurnar
**18.27** K3
**18.38** Mæja býfluga
**18.50** Tindur
**19.00** Smáheimar: Dalur týndu mauranna

**Mörgæsirnar frá Madagaskar kl. 07.24, 11.24 og 15.24**



### GOLFSTÖÐIN

**07.00** The Greenbrier Classic
**10.00** The Greenbrier Classic
**13.00** PGA Highlights
**13.55** Thornberry Creek LPGA Classic
**15.55** Thornberry Creek LPGA Classic
**17.55** Countdown to the Ryder Cup 2018
**18.20** Golfing World
**19.10** Thornberry Creek LPGA Classic
**22.10** The Greenbrier Classic

### STÖÐ 2 BÍÓ

**12.35** High Strung
**14.10** All Roads Lead to Rome
**15.45** Learning To Drive
**17.15** High Strung
**18.55** All Roads Lead to Rome Rómantísk gamanmynd með Söruh Jessicu Parker í hlutverki Maggie sem erströng, einstæð móðir og kennari í miðskóla í New York. Til að ná betur til uppreisnargjarnrar dóttur sinnar, Summer, ákveður hún að fara með hana í ferðalag til Þorps í Toscana á Ítalíu. Við komuna hittir Maggie Luca, myndarlegan gamlan elskhuga sinn, sem er enn piparsveinn og býr með móður sinni, Carmen. Summer, sem saknar töffarans kærasta síns í New York, og Carmen stela bíl Luca, og keyra til Rómar. Maggie og Luca elta þær, sem verður til þess að þau munu öll eyða tíma saman og skilja hvert annað betur.
**20.30** Learning To Drive
**22.00** Hinir föllnu Kröftug og óvægin spennumynd Martins Scorsese þar sem hann tekur fyrir innri, ólgandi átök og spillingu innan glæpamafíunnar í Boston og lögreglunnar en skilin þar á milli eru gjarnan ansi óljós. Myndin hlaut fern Óskarsverðlaun og var tilnefnd til fjölda annarra verðlauna.
**00.30** Alien: Covenant
**02.35** The Witch
**04.10** Hinir föllnu

### RÚV

**16.25** Íslendingar
**17.20** Táknmálsfréttir
**17.30** HM stofan
**17.50** Frakkland - Belgía
**19.50** HM stofan
**20.25** Veður
**20.30** Fréttir
**20.55** Íþróttir
**21.05** Horft til framtíðar
**21.55** Ditte og Louise
**22.25** Skylduverk
**23.25** Halcyon
**00.10** Dagskrárlok

### SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** Dr. Phil
**08.40** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**09.20** The Late Late Show with James Corden
**10.00** Síminn + Spotify
**11.45** Everybody Loves Raymond
**12.10** King of Queens
**12.35** How I Met Your Mother
**12.55** Dr. Phil
**13.35** Superstore
**14.00** Top Chef
**15.00** American Housewife
**15.25** Kevin (Probably) Saves the World
**16.15** Everybody Loves Raymond
**16.40** King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**19.00** The Late Late Show with James Corden
**19.45** Odd Mom Out
**20.10** Royal Pains
**21.00** The Good Fight
**21.50** Star
**22.35** Scream Queens
**23.25** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**00.45** CSI Miami
**01.30** Fargo
**02.15** The Resident
**03.05** Quantico
**03.50** Incorporated
**04.35** Síminn + Spotify

### ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |




# Ný Bosch þvottavél

EcoSilence Drive™ 10 ára ábyrgð á mótornum · A+++ Orkuflokkur · Kolalaus mótor · VarioPerfect · Bylgjulaga tromla

Kynningarverð:

**89.900 kr.**

Fullt verð: 127.900 kr.

Þvottavél, WAT 2849BSN

Bosch hefur í eina og hálfa öld haft það að markmiði að auðvelda daglegt líf fólks. Nú eru **60 ár** liðin frá því að **fyrsta sjálfvirka Bosch þvottavélin** fór í framleiðslu.

Af þessu tilefni bjóðum við nú **glænýja Bosch þvottavél** á **einstaklega hagstæðu verði**.

Vél þessi er búin **langflestum þeim þvottakostum** sem menn þurfa á að halda í dagsins önn. Hún tekur mest 9 kg og er með íslensku stjórnborði. 1400 sn./mín. Orkuflokkur A+++. Kolalaus, hljóðlátur og sparneytinn mótor með 10 ára ábyrgð. Tromlan fer einstaklega vel með þvottinn. 15 mín. hraðþvottakerfi. Við hönnun vélarinnar var leitast við að gera hana mjög stöðuga og hljóðláta.

Gildir til og með 31. júlí eða á meðan birgðir endast.

2017 Framúrskarandi fyrirtæki

Við leggjum áherslu á hágæða vörur og fyrsta flokks þjónustu á góðu verði.

**SMITH & NORLAND**

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is















Haukur Harðarson og Guðmundur Benediktsson hafa skilað mótinu heim í stofu landsmanna með sóma. Guðmundur sest á bekkinn eftir undanúrslitin en hann er þekktasti íþróttalýsir landsins fyrr og síðar. NORDICPHOTOS/GETTY

# Haukur Harðar lýsir úrslitaleiknum

**Haukur Harðarson** og Bjarni Guðjónsson munu lýsa úrslitaleiknum á Heimsmeistaramótinu. Guðmundur Benediktsson og Einar Örn Jónsson lýsa undanúrslitaleikjunum. Ætlar að fá sér te á leikdag.



Stuðið hefur verið mikið í Rússlandi frá því að mótið hófst.



Haukur Harðarson mun lýsa úrslitaleiknum á Heimsmeistaramótinu í fótbolta. Bjarni Guðjónsson mun lýsa með honum en gestastofan yfir úrslitaleiknum er í örlitlu limbói því Eiði Smára Guðjohnsen hefur verið boðið hlutverk knattspyrnuspekings erlendis. Eiður hefur staðið sig vel sem knattspyrnuspekingur og talar auk þess fjölmörg tungumál reiprennandi. Það kemur því ekki á óvart að erlendar stöðvar falist eftir kröftum hans.

Haukur segist stoltur af því að fá að lýsa úrslitaleiknum og segir að undirbúningur sé mótið sjálft. „Maður hefur horft á hvern einasta leik og maður trúir varla að maður sé í vinnunni, þetta er búið að vera það skemmtilegt.

Ég hef stundum sagt að þetta sé eins og að læra undir próf í fagi sem maður kann mikið um fyrir. Það þarf að kafa svolítið djúpt og vera með fullt af punktum og fróðleik sem maður notar ekki nema að litlum hluta. Ég er yfirleitt með fleiri punkta en ég sé fram á að nota.“

> ÉG HELD AÐ ÉG FARI Í HEITA STURTU OG FÁI MÉR JAFNVEL TE MEÐ HUNANGI, EITTHVAÐ SEM ÉG GERI ALDREI. AÐEINS AÐ MÝKJA RÖDDINA.

Bjarni og Haukur hafa áður lýst saman og myndað gott lýsingarteymi. „Með þessu er verið að stækka útsendinguna og gera hana hátíðlegri.“

Haukur segir að hann muni vera mættur til vinnu snemma á sunnudag til að undirbúa sig sem best fyrir leikinn. „Ég held að ég fari í heita sturtu og fái mér jafnvel te með hunangi, eitthvað sem ég geri aldrei. Aðeins að mýkja röddina. Álagsmeiðslin koma víða fram,“ segir hann og hlær.

Hauki er boðið í brúðkaup á laugardag og ætlar hann að haga sér vel. Vera kominn snemma heim enda ekki í boði að mæta illa fyrirkallaður í svona útsendingu. „Ég verð rólegur og á bíl,“ segir hann.

**benediktboas@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli*@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga*@frettabladid.is*

# AEG

*Gerðu góð kaup!*

# TILBOÐSDAGAR

## 20-40%

**AEG**
**ÞVOTTAVÉLAR**
**VERÐ FRÁ 71.920,-**

**AEG**
**HELLUBORÐ**
**VERÐ FRÁ 59.920,-**




**AEG**
**RYKSUGUR**
**VERÐ FRÁ 11.920,-**

**AEG**
**OFNAR**
**VERÐ FRÁ 55.920,-**

95 ÁRA ORMSSON 1922 - 2017

**Opnunartímar:**
**Virka daga 10-18**
**Lokað laugardaga í sumar**

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

Netverslun
ORMSSON.IS

ORMSSON
Greiðslukjör
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði

| | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON** | **ORMSSON** | **KS** | **SR BYGG** | **ORMSSON** | **PENNINN** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **GEISLI** | **TÆKNIBORG** | **OMNIS** | **BLÓMSTURVELLIR** |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5800**

**Ritstjórn** 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 512 5401 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**
Hauks Arnar Birgissonar



## Gígabæti af veðurfréttum

Í þessum skrifuðu orðum er ég á leið frá Íslandi, sit um borð í flugvél á leiðinni í hlýjara loftslag. Í allt „sumar“ hef ég, eins og flestir Íslendingar, notið hlýjunnar innandyra og horft á rigninguna og rokið þjóta fram hjá stofuglugganum. Orðið þunglyndari með hverjum deginum sem líður, lesandi fréttir af hverju óveðursmetinu á eftir öðru sem slegið er. Það þarf ekki að miða við neina höfðatölu þegar kemur að heimsmetum Íslendinga í veðri.

Á sama tíma hef ég ekki komist hjá því að horfa á vini og ættingja, sem flúið hafa land um skamma hríð, birta myndir af sér á samfélagsmiðlunum á sundfötunum. Oftar en ekki fylgir það sögunni hvert hitastigið er þegar myndin var tekin. Hvað er að þessu fólki?

Þetta hlýtur að vera eitthvert séríslenskt fyrirbæri. Að þurfa stanslaust að birta myndir af skýjalausum himni eða sólarströnd, með hitatöluna krotaða á skjáinn! Sumir ganga svo langt að senda manni skjáskot af veðurspánni næstu daga. Það á að læsa þetta fólk inni.

Íslendingar sem búa erlendis eru þó verstir. Þeir fá einhverja furðulega sælutilfinningu við það að núa vinum sínum á Íslandi því um nasir og monta sig af veðrinu þar sem þeir búa. Svo líður þessu fólki jafnvel enn betur ef veðrið á Íslandi er sérstaklega slæmt á sama tíma. Þá espist það upp og sendir heilu gígabætin af vídeóum sem enginn vill horfa á. Hversu annarlegar hvatir þarf maður eiginlega að hafa ef það veitir manni aukna gleði þegar lægðin yfir landinu er sérstaklega djúp og ástvinir manns nenna ekki út úr húsi?

Ætli ég sé samt ekki bara búinn að gleyma. Eflaust er ég svona sjálfur. Það kemur í ljós á morgun.








